

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 6. júní 2023

Mál nr. E-7169/2019:

Vinnslustöðin hf.

(Ragnar H. Hall lögmaður)

gegn

Íslenska ríkinu

(Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð, 9. maí sl., var höfðað með stefnu, birtri 6. desember 2019, af stefnanda, Vinnslustöðinni hf., [...], á hendur stefnda, Íslenska ríkinu, Arnarhvoli, Reykjavík.

Stefnandi gerir aðallega þær endanlegu dómkröfur að stefndi greiði stefnanda:

- A. 356.300.000 krónur með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 14. júní 2016 til greiðsludags, og
- B. 317.900.000 krónur með vöxtum, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fjárhæðum og eftir tímabilum sem hér segir:
- af 85.900.000 krónum frá 16. júní 2015 til 1. janúar 2020,
 - af 86.000.000 króna frá 6. apríl 2016 til 1. janúar 2020,
 - af 86.000.000 króna frá 5. apríl 2017 til 1. janúar 2020,
 - af 60.000.000 króna frá 10. apríl 2018 til 1. janúar 2020, og
 - dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af framangreindum kröfuliðum a–d, uppreiknuðum, sem reiknist frá 1. janúar 2020 til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess þá til vara að stefndi greiði stefnanda:

- A. 275.800.000 krónur með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 14. júní 2016 til greiðsludags, og
- B. 239.400.000 krónur með vöxtum, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fjárhæðum og eftir tímabilum er hér segir:
- af 77.000.000 króna frá 16. júní 2015 til 1. janúar 2020,
 - af 60.200.000 krónum frá 6. apríl 2016 til 1. janúar 2020,
 - af 60.200.000 krónum frá 5. apríl 2017 til 1. janúar 2020,
 - af 42.000.000 króna frá 10. apríl 2018 til 1. janúar 2020, og

e) dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af framangreindum kröfufliðum a–d uppreiknuðum, sem reiknist frá 1. janúar 2020 til greiðsludags.

Til þrautavara krefst stefnandi að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að álitum.

Í öllum tilvikum að vextir og dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá upphafstíma vaxta og dráttarvaxta samkvæmt hverjum kröfuflið, sbr. 12. gr. laga nr. 38/2001.

Þá er af hálfu stefnanda í öllum tilvikum krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara er þess krafist að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar.

Í öllum tilvikum er krafist að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað.

Geta ber þess að stefnandi lagði endanlega fram framangreinda breytta dómkröfu sína til lækkunar frá því er greinir í stefnu með bókun í þinghaldi þann 6. febrúar 2023.

Ágreiningsefni og málsatvik

Með dómum Hæstaréttar Íslands í málum nr. 508 og 509/2017, frá 6. desember 2018, var viðurkennt að stefndi í þessu máli, íslenska ríkið, bæri skaðabótaábyrgð á því fjártjóni sem tvö útgerðarfélög kynnu að hafa beðið, vegna þess að þar tilgreindum skipum þeirra hafi á árunum 2011–2014, með ákvörðunum Fiskistofu, sem teknar hafi verið á grundvelli reglugerða, verið úthlutað minni aflaheimildum en skylt hafi verið að gera samkvæmt lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Stefnandi, Vinnslustöðin hf., hafði þá einnig rekið dómsmál, þar sem krafist hafði verið viðurkenningar á bótaskyldu vegna sömu ástæðna og greindi í málum nr. 508 og 509/2017. Dómsátt var síðan gerð á milli stefnanda, Vinnslustöðvarinnar hf., og stefnda, íslenska ríkisins, 28. maí 2019, eftir að framangreind niðurstaða Hæstaréttar lá fyrir um bótaskyldu ríkisins, en í sáttinni var þó kveðið á um að stefndi bindi með engum hætti hendur sínar um varnir gegn kröfum er settar yrðu fram á grunni hennar.

Á grundvelli framangreinds gerir stefnandi í máli þessu skaðabótakröfu á hendur stefnda, íslenska ríkinu, en byggir hér á því að skaðabætur á þessum grunni taki allt eins til alls árabilsins 2011–2018. Það er þá á meðan umrætt ástand varði þar sem makrílveiðum var stjórnað með reglugerðum ráðherra í trássi við áskilnað 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 um að hlutdeildarsetja bæri veiðar úr makrílstofninum, sbr. nánari útlistun hér á eftir, en sú skylda hafi samkvæmt lögnum verið orðin virk þá

þegar árið 2011. Fyrir liggur að þann 19. júní 2019 gengu í gildi lög nr. 46/2019 um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og á lögum um stjórn fiskveiða, þar sem tekið var upp aflamarksskipulag varðandi makrílveiðar.

Stefnandi höfðaði dómsmál þetta árið 2019, en á sama tíma höfðaði Huginn ehf. jafnframt dómsmál ásamt með fimm öðrum útgerðarfélögum á viðlíka grundvelli. Stefnandi gerir í máli þessu skaðabótakröfur í tveimur þáttum, þ.e. annars vegar fyrir tímabilið 2011–2014 en hins vegar fyrir tímabilið 2015–2018, og byggir þær á því að honum hafi á árunum 2011–2018 verið úthlutað, með ákvörðunum Fiskistofu, minni aflaheimildum í makríl en honum hafi borið að fá samkvæmt lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

Tildrög málsins eru þau að með lögum nr. 46/2019 um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum um stjórn fiskveiða hafi verið tekin upp aflamarksstjórn við veiðar á makríl. Í athugasemdum við lagafrumvarpið hafi verið sagt að það væri „tímabært að taka upp slíkt skipulag enda raunar verið skylt um langt árabíl“. Hafi þá verið vísað til framangreindra dóma Hæstaréttar um lagasetninguna. En samkvæmt 1. gr. laganna skyldi, þrátt fyrir 2. mgr. 5. gr., Fiskistofa úthluta einstökum skipum aflahlutdeild í Norðaustur-Atlantshafsmakrílstofninum á grunni tíu bestu aflareynsluára þeirra á árunum 2008–2018, að báðum árum meðtöldum. Hefði skip komið í stað skips er áunnið hefði sér aflareynslu á þessu tímabili skyldi það skip sem í staðinn kæmi njóta þeirrar aflareynslu. Að þessu leyti væri þannig ekki tekið tillit til úthlutunar sem stefnandi hefði að réttu lagi notið hefði komið til hlutdeildarsetningar árið 2011, svo sem lögskyld hefði verið, og áskilji stefnandi sér allan rétt vegna þessa.

Með reglugerð nr. 863 frá 10. september 2008, um stjórn makrílveiða íslenskra skipa utan lögsögu árið 2008, hafi makrílveiðar af Íslands hálfu í fyrsta sinn verið gerðar leyfisskyldar á samningssvæði NEAFC (Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndin). Samkvæmt 1. gr. reglugerðarinnar hafi hún gilt um veiðar íslenskra skipa á makríl á samningssvæði NEAFC, utan lögsögu ríkja. Í 2. gr. hennar komi fram að íslenskum skipum sé óheimilt að stunda veiðarnar án sérstaks leyfis og við veitingu þess skuli aðeins koma til greina þau fiskiskip sem uppfylli skilyrði til útgáfu leyfis til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 116/2006. Í 3. gr. segi þá að á árinu 2008 sé íslenskum skipum heimilt að veiða á samningssvæði NEAFC, utan lögsögu ríkja, samtals 20.000 lestir af makríl, þegar þeim aflu sé náð falli leyfi til makrílveiða úr

gildi og skuli Fiskistofa tilkynna um stöðvun veiðanna. Í þessari reglugerð hafi aflanum ekki verið skipt fyrir fram niður á tiltekna flokka skipa.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gaf, 13. mars 2009, út reglugerð nr. 283/2009 um stjórn makrílveiða íslenskra skipa árið 2009. Í 1. gr. hennar sagði að öllum fiskiskipum sem hefðu leyfi til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands væri heimilt að stunda veiðar á makríl í henni og á samningssvæði NEAFC, utan lögsögu ríkja, að fengnu leyfi Fiskistofu. Færi heildarafli íslenskra skipa yfir 112.000 lestir, þar af ekki meira en 20.000 lestir á samningssvæði NEAFC, utan lögsögu ríkja, tæki ráðherra ákvörðun um hvort veiðar skyldu bannaðar eða takmarkaðar með einhverjum hætti. Leyfi skyldu gefin út fyrir hvert almanaksár en ráðherra væri heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til makrílveiða væri talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra. Í þessari reglugerð hafi aflanum ekki verið skipt fyrir fram niður á tiltekna flokka skipa.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið sendi frá sér fréttatilkynningu, 13. mars 2009, í tilefni af setningu reglugerðar nr. 283/2009. Þar kom fram að mikil verðmæti „liggja í nýtingu makrílstofnsins og þá ekki síst til manneldis. Á síðasta ári fóru liðlega 5% af heildarmakrílafla íslenskra skipa til vinnslu til manneldis sem skilar umtalsvert meiri verðmætum en fari aflinn til bræðslu og er auk þess meira í anda sjálfbærrar þróunar. Er því sérstaklega hvatt til þess ... að útgerðir leitist við að vinna sem mest af makrílafla sínum til manneldis. Þá er það skoðun ráðherra að þegar og ef til úthlutunar aflahlutdeildar komi, þurfi að eiga sér stað málefnaleg umræða, hvort taka eigi tillit til að hvaða marki veiðiskip hafi eða geti veitt makrílafla til manneldis og þá hvort þau njóti þess sérstaklega við úthlutun.“

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi síðan gefið út reglugerðir um stjórn makrílveiða íslenskra skipa á árunum 2010–2018 fyrir hvert ár í senn. Þær hafi eins og fyrri reglugerðir um makrílveiðar verið settar samkvæmt lögum nr. 151/1996, lögum nr. 116/2006 og lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og tekið til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands og á samningssvæði NEAFC, utan lögsögu ríkja. Í öllum reglugerðunum hafi leyfilegur heildarafli verið ákveðinn, honum skipt fyrir fram niður á tiltekna flokka skipa, og tekið fram að færi hann yfir hið tilgreinda mark myndi ráðherra ákveða hvort makrílveiðar yrðu bannaðar. Þá hafi sagt í þeim að veiðileyfi féllu úr gildi ýmist þegar hámarksafla væri náð eða við ákveðið tímamark.

Með reglugerð nr. 285 frá 31. mars 2010 um stjórn makrílveiða íslenskra skipa árið 2010 hafi heildaraflinn verið ákveðinn 130.000 lestir það ár, þar af 20.000 lestir á samningssvæði NEAFC, utan lögsögu ríkja, og honum skipt fyrir fram niður á þrjá flokka skipa. Í fyrsta lagi á skip sem veitt höfðu makríl í flottroll og nót á árunum 2007, 2008 og 2009 og í þeirra hlut hafi komið 112.000 lestir. Í öðru lagi á skip er stundað hafi veiðar á línu og handfæri, netaveiðar og til veiða í gildru og í þeirra hlut hafi komið 3.000 lestir. Í þriðja lagi til skipa er ekki hafi fallið undir fyrri tvo flokkana og í þeirra hlut hafi komið 15.000 lestir. Með reglugerð nr. 753/2010 hafi hlutur þeirra sem fallið hafi í fyrsta flokkinn verið aukinn í 115.600 lestir og samkvæmt því hafi 115.600 lestum verið ráðstafað til skipa á grundvelli aflareynslu eða um 86,5% leyfilegs heildarafla. Um aflaheimildir þeirra skipa hafi sagt að þeim skyldi skipt hlutfallslega miðað við aflareynslu þeirra á árunum 2007, 2008 og til og með 11. júlí 2009, miðað við landaðan afla, að undanskildum heimildum til að veiða í lögsögu Færeyja.

Með reglugerð nr. 233 frá 4. mars 2011 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2011 hafi leyfilegur heildarafli í makríl það ár verið ákveðinn 154.825 lestir, þar af 20.000 lestir á svæði NEAFC, utan lögsögu ríkja, og skyldi honum skipt niður á fjóra flokka skipa. Í fyrsta lagi skyldi 2.000 lestum ráðstafað til skipa er stundað hefðu makrílveiðar með línu eða handfærum. Með reglugerð nr. 341/2011 var magnið aukið í 2.500 lestir. Í öðru lagi skyldi ráðstafa 6.000 lestum til skipa sem ekki frystu afla um borð eftir nánar tilgreindum stærðarflokkum. Með reglugerð nr. 341/2011 var magnið aukið í 7.000 lestir. Í þriðja lagi skyldi ráðstafa 34.825 lestum til vinnsluskipa í hlutfalli við heildarafkastavísitölu skipa er mæld skyldi með nánar tilgreindum hætti. Með reglugerð nr. 341/2011 var magnið lækkað í 33.325 lestir. Í fjórða lagi skyldi ráðstafa 112.000 lestum til skipa sem veitt hefðu makríl í flottroll og nót á árunum 2007, 2008 og 2009 og skipt hlutfallslega miðað við aflareynslu þeirra í fiskveiðilandhelgi Íslands og var það magn um 72,3% af heildarúthlutun.

Með reglugerð nr. 329 frá 4. apríl 2012 hafi heildarafli í makríl árið 2012 verið ákveðinn 145.227 lestir. Þar af hafi 105.057 lestum, um 72,3% af heildarúthlutun, verið ráðstafað til skipa sem hafi veitt makríl í flottroll og nót á árunum 2007, 2008 og 2009 og skipt hlutfallslega miðað við aflareynslu þeirra á þeim árum.

Með reglugerð nr. 327 frá 12. apríl 2013 hafi aflinn verið ákveðinn 123.182 lestir árið 2013. Þar af hafi 87.303 lestum, um 70,9% af heildarúthlutun, verið ráðstafað til skipa er veitt hafi makríl í flottroll eða nót miðað við aflareynslu árin 2007–2009.

Með reglugerðum nr. 376 frá 16. apríl 2014 og nr. 644/2014 hafi aflinn verið ákveðinn 167.826 lestir árið 2014 og þar af 117.156 lestum, um 69,8% af heildarúthlutun, ráðstafað til skipa er veitt hafi makríl í flottroll og nót árin 2007–2009.

Með reglugerð nr. 532 frá 16. júní 2015 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2015 hafi heildarafli íslenskra skipa í makríl það ár verið ákveðinn 172.964 lestir og honum skipt þannig að 7.026 lestum hafi verið ráðstafað til skipa er stundað hafi makrílveiðar með línu og handfærum, 9.270 lestum til skipa er landað hafi afla til vinnslu í landi, 35.925 lestum til vinnsluskipa og 120.743 lestum (um 69,8% af heildarúthlutun) til skipa er veitt hafi makríl í flottroll og nót á árunum 2007–2009.

Með reglugerð nr. 284 frá 6. apríl 2016 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2016 hafi heildarafli íslenskra skipa í makríl það ár verið ákveðinn 147.824 lestir og honum skipt þannig að 6.160 lestum hafi verið ráðstafað til skipa sem stundað hafi makrílveiðar með línu og handfærum, 8.128 lestum til skipa sem landað hafi afla til vinnslu í landi, 31.498 lestum til vinnsluskipa og 105.863 lestum (um 71,6% af heildarúthlutun) til skipa sem veitt hafi makríl í flottroll og nót á árunum 2007–2009.

Með reglugerð nr. 295 frá 5. apríl 2017 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2017 hafi heildarafli íslenskra skipa í makríl það ár verið ákveðinn 168.464 lestir og þar af hafi 10.929 lestum verið úthlutað samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða nr. VIII og XVI við lög nr. 116/2006. Eftirstöðvunum, 157.535 lestum, hafi verið skipt þannig að 6.400 lestum hafi verið ráðstafað til skipa sem stundað hafi makrílveiðar með línu og handfærum, 8.443 lestum til skipa sem landað hafi afla til vinnslu í landi, 32.720 lestum til vinnsluskipa og 109.972 lestum (um 69,8% af úthlutun að undanskilinni úthlutun samkvæmt bráðabirgðaákvæðum VIII og XVI) til skipa sem veitt hafi makríl í flottroll og nót á árunum 2007–2009.

Með reglugerð nr. 351 frá 10. apríl 2018 um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2018 hafi leyfilegur heildarafli í makríl það ár verið ákveðinn 134.772 lestir og þar af hafi 9.143 lestum verið úthlutað samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða nr. VIII og XVI við lög nr. 116/2006 og 1.500 skert vegna framsals til Rússlands, sbr. 1. gr. reglugerðarinnar. Eftirstöðvunum, 124.129 lestum, hafi verið skipt þannig að 5.042 lestum hafi verið ráðstafað til skipa sem stundað hafi makrílveiðar með línu og handfærum, 6.654 lestum verið ráðstafað til skipa sem landað hafi afla til vinnslu í landi, 25.781 lest verið ráðstafað til vinnsluskipa og loks 86.652 lestum (um 69,8% af

úthlutun að undanskilinni úthlutun samkvæmt bráðabirgðaákvæðum VIII og XVI) verið ráðstafað til skipa sem hafi veitt makríl í flottroll og nót á árunum 2007–2009.

Eins og rakið er nánar hér í kafla um málsástæður stefnanda voru skip stefnanda á meðal þeirra útgerða sem höfðu stundað umræddar makrílveiðar frá því fyrir árið 2008, eftir að makrill fór að ganga í verulegum mæli inn í íslenska lögsögu, og höfðu byggt upp tiltekna veiðireynslu í þá veru að borið hefði að hlutdeildarsetja hana, a.m.k. frá árinu 2011, svo sem að framan greinir, en ekki var gert. Stefnandi byggir sem fyrr segir hér á því að framangreint skipulag á makrílveiðum á árunum 2011–2018 hafi gengið í berhögg við áskilnað laga um hlutdeildarsetningu, er hafi orðið stefnanda til tjóns, en grundvöllur bótaskyldu eigi stoð í fyrrgreindum dómum Hæstaréttar.

Í aðdraganda þessarar málsóknar stefnanda til heimtu á skaðabótum fól stefnandi endurskoðunarfyrtækinu Deloitte ehf. að vinna fyrir sig minnisblað, dags. 26. nóvember 2019, til að reikna út áætlaðan hagnaðarmissi stefnanda vegna framangreindrar skertrar aflahlutdeildar umræddra skipa stefnanda í makríl á árunum 2011–2018 m.t.t. laga nr. 151/1996 og tekur þá mið af þar tilgreindum forsendum af hálfu stefnanda. Undir rekstri málsins hefur stefnandi svo leitast við að bregðast við vörnum stefnda með því að beiðast dómkvaðningar matsmanna til að meta umræddan hagnaðarmissi, sbr. matsgerð Hersis Sigurgeirssonar, dósents í fjármálum, og Theodórs S. Sigurbergssonar, löggilts endurskoðanda, frá 27. október 2022, sbr. og viðbótarmat að beiðni stefnda, dags. 20. janúar 2023, er liggja fyrir og hefur stefnandi breytt dómkröfum sínum til lækkunar m.t.t. þess. Sættir hafa ekki náðst en stefndi telur eftir sem áður að stefnandi hafi ekki getað sýnt fram á eiginlegt tjón, sbr. málsástæður stefnda, en til vara að tjón hans sé í öllu falli mun minna en nemi dómkröfum.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi er útgerðarfyrtæki í Vestmannaeyjum, gerir út fiskiskip og rekur fiski-mjölsværksmiðju og uppsjávarfiskvinnslu. Uppsjávarveiðiskip stefnanda voru á þeim tíma sem hér skiptir máli eftirtalin:

Kap VE, skipaskrárn. 1742, árin 2016–2018

Sighvatur Bjarnason VE, skipaskrárn. 2281, árin 2011–2015 og 2017

Kap VE, skipaskrárn. 2363, árin 2011–2015

Gandí VE, skipaskrárn. 2702, árin 2011–2012

Kap II VE, skipaskrárn. 1062, árin 2015–2018

Ísleifur VE, skipaskrárn. 1610, árin 2011–2015

Ísleifur VE, skipaskrárn. 2388, árin 2015–2018

Skaðabótakrafa stefnanda sé byggð á því að stefnanda hafi á árunum 2011–2018, með ákvörðunum Fiskistofu, verið úthlutað minni aflaheimildum í makríl en rétt hefði verið samkvæmt lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Skylda til hlutdeildarsetningar makrílstofnsins eftir nánar tilgreindri aðferðafræði hafi verið orðin virk þegar úthlutanir aflaheimilda hafi farið fram á fyrrgreindu árabili, samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996. Í skilningi þeirrar lagagreinar hafi verið komin á samfelld veiðireynsla á makríl við úthlutun vegna ársins 2011, þar sem ársafli íslenskra skipa árin 2008, 2009 og 2010 var í öllum tilvikum langt umfram þriðjung ráðstafaðs heildarafla árið 2011. Að úthlutun hafi ekki farið fram á réttum lagagrundvelli hafi valdið stefnanda tjóni sem hann telji að stefndi beri ábyrgð á eftir reglum skaðabótaréttar. Fyrir liggja minnisblað Deloitte ehf., þar sem fram komi útreikningur Deloitte ehf. á meintu tjóni stefnanda vegna skertra aflaheimilda í makríl 2011–2018, og sé dómkrafa stefnanda sett fram í samræmi við það.

Með dómi Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 508/2017, Huginn ehf. gegn íslenska ríkinu, hafi verið viðurkennt að íslenska ríkið bæri skaðabótaábyrgð á því fjártjóni er útgerðarfyrirtækið Huginn ehf. kynni að hafa beðið vegna þess að skipi félagsins, Hugin VE 55, hafi á árunum 2011–2014, með ákvörðunum Fiskistofu, sem teknar voru á grunni reglugerða, verið úthlutað minni aflaheimildum í makríl en skylt hafi verið samkvæmt lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Sama niðurstaða hafi orðið í máli nr. 509/2017, Ísfélag Vestmannaeyja hf. gegn íslenska ríkinu.

Á þeim tíma sem mál Hugins ehf. og Ísfélags Vestmannaeyja hf. voru rekin gegn stefnda hafi stefnandi rekið sams konar mál gegn íslenska ríkinu þar sem krafist hafi verið viðurkenningar á skaðabótaskyldu vegna áranna 2011–2014. Því máli hafi lyktað með sátt sem gerð hafi verið 28. maí 2019. Með sáttinni hafi íslenska ríkið viðurkennt að bera skaðabótaábyrgð á fjártjóni, sem stefnandi kynni að hafa beðið vegna þess að fiskiskipum stefnanda hafi á árunum 2011–2014 verið úthlutað minni aflaheimildum í makríl en skylt hefði verið eftir lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Tekið hafi verið fram að sáttin væri gerð m.t.t. dóma Hæstaréttar Íslands nr. 508 og 509/2017 í málum Hugins ehf. og Ísfélags Vestmannaeyja hf.

Í sáttinni hafi komið fram fyrirvari stefnda þess efnis að með sáttinni væri ekki viðurkennt að stefnandi ætti fjárkröfu á hendur stefnda, heldur takmarkaðist sáttin við

niðurstöður Hæstaréttar í sambærilegum málum. Ekki hafi verið viðurkennt að tjón hefði orðið og sérstaklega verið tekið fram að sáttin takmarkaði ekki varnir stefnda gagnvart hugsanlegum fjárkröfum að neinu leyti. Til að koma í veg fyrir fyrningu bótakröfu vegna ársins 2015 hafi verið höfðað nýtt mál sambærilegt því fyrra gegn stefnda með stefnu, útgefinni 11. júní 2019, sem þingfest hafi verið í Héraðsdómi Reykjavíkur 10. september 2019 en það svo fellt niður er þetta mál hafi verið þingfest.

Með málsókn þessari leitist stefnandi eftir því að fá bætt tjón sitt er hlotist hafi af því að stefndi hafi ekki hlutdeildarsett makrílstofninn í samræmi við ákvæði laga þá skylda til þess hafi orðið virk árið 2011 en þess í stað sett reglugerðir án lagaheimildar sem skert hafi hlutdeild stefnanda í úthlutuðum makríl og þannig valdið honum tjóni.

Dómar Hæstaréttar í málum Hugins og Ísfélagsins og sátt stefnanda hafi aðeins tekið til úthlutana 2011–2014. Stefnandi byggir hins vegar á að öll sömu lagasjónarmið eigi við um síðari úthlutanir, þ.e. á árunum 2015–2018, að breyttu breytanda.

Fiskiskip stefnanda hafi stundað makrílveiðar í íslenskri efnahagslögsögu, sem og á samningssvæði NEAFC utan lögsögu, frá því skipulagðar veiðar á makríl hófust.

Að framan séu talin upp skip stefnanda er stundað hafi makrílveiðar á árabílinu 2011–2018. Fyrir liggja yfirlit yfir veitt magn skipa stefnanda í makríl árin 2006–2011.

Málsókn þessi byggir á því að lög hafi staðið til þess að úthlutun aflahlutdeilda í makríl á árinu 2011 skyldi grundvallast á aflareynslu skipa stefnanda miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Samkvæmt því hefði hlutdeild stefnanda átt að vera 10,03%, sbr. fyrrgreinda útreikninga Deloitte ehf. af hálfu stefnanda. En árin 2006–2010 hafi skip stefnanda samkvæmt gögnum Fiskistofu veitt 11,28% af veiddum heildarafla íslenskra skipa á makríl á því tímabili (44.391 tonn af 393.538 tonnum). Sé miðað við þrjú bestu veiðitímabil skipa stefnanda á sex ára tímabili fyrir árið 2011 sé aflinn 10,03% heildaraflans en á grundvelli framangreindra reglugerða ráðherra hafi Fiskistofa einungis úthlutað skipum stefnanda eftirfarandi aflaheimildum í makríl á árunum 2011–2018 í samræmi við ákvæði reglugerðanna:

a. Á árinu 2011 hafi skipum stefnanda samkvæmt þessu verið úthlutað 14.103.941 kg, sem numið hafi um 8,75% heildarúthlutunar.

b. Á árinu 2012 hafi skipum stefnanda samkvæmt þessu verið úthlutað 12.133.278 kg, sem numið hafi um 8,37% heildarúthlutunar.

c. Á árinu 2013 hafi skipum stefnanda samkvæmt þessu verið úthlutað 10.069.075 kg, sem numið hafi um 8,39% heildarúthlutunar.

d. Á árinu 2014 hafi skipum stefnanda samkvæmt þessu verið úthlutað 13.512.154 kg, sem numið um 8,39% af heildarúthlutun.

e. Á árinu 2015 hafi skipum stefnanda samkvæmt þessu verið úthlutað 13.925.850 kg, sem numið hafi um 8,05% heildarúthlutunar.

f. Á árinu 2016 hafi skipum stefnanda samkvæmt þessu verið úthlutað 12.678.152 kg, sem numið hafi um 8,27% heildarúthlutunar.

g. Á árinu 2017 hafi skipum stefnanda samkvæmt þessu verið úthlutað 13.291.857 kg, sem numið hafi um 8,44% heildarúthlutunar.

h. Á árinu 2018 hafi skipum stefnanda samkvæmt þessu verið úthlutað 10.473.346 kg, sem numið hafi um 8,44% heildarúthlutunar.

Stefnandi telji að úthlutun veiðiheimilda í makríl til hans árið 2011 og eftirleiðis hafi ekki verið í samræmi við ákvæði laga nr. 151/1996 og nr. 116/2006. Sé miðað við þrjú bestu veiðitímabil skipa stefnanda síðustu sex árin fyrir 2011 nemi heildarhlutdeild skipanna 10,03%. Taki dómkrafa stefnanda mið af samanlagðri veiðireynslu allra framangreindra skipa stefnanda. Samkvæmt því hafi borið að úthluta skipunum samtals 10,03% af heildaraflanum árið 2011 og hafi stefnandi átt kröfu til þess að sú aflahlutdeild héldist óbreytt milli ára frá árinu 2011. Úthlutun, eins og hún hafi verið framkvæmd, hafi m.t.t. framangreinds falið í sér skerðingu á tilkalli stefnanda til aflaheimilda um 1,28% árið 2011, 1,66% árið 2012, 1,64% árið 2013, 1,64% árið 2014, 1,98% árið 2015, 1,76% árið 2016, 1,59% árið 2017 og 1,59% árið 2018.

Stefnandi vísi til þess að í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 151/1996 komi fram að öllum íslenskum skipum séu heimilar veiðar utan lögsögu Íslands með þeim takmörkunum er leiði af lögum og reglum settum með stoð í þeim. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laganna skuli ráðherra með reglugerð binda veiðar íslenskra skipa á úthafi sérstökum leyfum, sé það nauðsynlegt vegna alþjóðlegra skuldbindinga Íslands, til þess að fullnægja almennum ákvörðunum sem teknar séu með stoð í 3. gr. laganna eða til að vernda hagsmuni Íslands að því er varði fiskstofna sem um ræði í 5. gr. þeirra og séu veiðar í þessum tilvikum óheimilar án slíkra leyfa. Skuli leyfin bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg séu. Í 5. mgr. 4. gr. laga nr. 151/1996 komi fram að ráðherra geti sett sérstakar reglur um stjórn veiða íslenskra skipa í þeim tilvikum sem Ísland hafi nýtt rétt sinn til slíkra mótmæla, enda þótt ákvæði 1. másl. 2. mgr. 4. gr. sömu lagagreinar

eigi ekki við. Geti ráðherra í því skyni bundið veiðarnar sérstökum leyfum og séu þær óheimilar án þeirra. Binda megi leyfin nauðsynlegum skilyrðum. Gildi ákvæði 5. og 6. gr. laganna í þessum tilvikum eftir því sem við eigi. Niðurlagsákvæði 5. mgr. 4. gr. laga nr. 151/1996 sé fortakslaust um að þegar ráðherra setji sérstakar reglur um stjórn veiða íslenskra skipa í þeim tilvikum sem falli undir ákvæði málsgreinarinnar gildi ákvæði 5. og 6. gr. laganna eftir því sem við geti átt. Verði samkvæmt þessu að leggja til grundvallar að hin tilvitnuðu lagaákvæði eigi við um makrílveiðar íslenskra skipa innan og utan íslenskrar lögsögu nema á annan veg sé mælt í lögum, en svo sé ekki. Af því leiði ótvírætt að reglur ráðherra er feli í sér skipulag slíkra veiða verði að vera í samræmi við fyrrgreind lagaákvæði, en þess hafi hér ekki verið gætt.

Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 komi fram að um veiðar utan lögsögu Íslands úr stofnum er veiðist bæði innan og utan hennar, þ.e. deilistofnum, gildi ákvæði laga um stjórn fiskveiða eftir því sem við geti átt, sbr. þó ákvæði þeirrar greinar. Samkvæmt 1. másl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 gildi sú regla að sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr stofni, er um ræði í 1. mgr. greinarinnar og samfelld veiðireynsla sé á, skuli aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grunni veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum. Veiðireynsla teljist samfelld samkvæmt lögnum, sbr. 2. másl. 2. mgr. 5. gr., hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla er sé til ráðstöfunar af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Stefnandi byggir á því að með reglugerðum þeim er ráðherra hafi sett um makrílveiðar íslenskra skipa innan og utan íslenskrar lögsögu á árunum 2008–2018 hafi í skilningi 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 verið tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr makrílstofninum. Að framan sé gerð grein fyrir því hver hafi verið heildarafla íslenskra skipa í makríl á árunum 2005–2010 og hver hafi verið leyfilegur heildarafla íslenskra skipa í makríl árið 2011 samkvæmt reglugerð nr. 233/2011. Samkvæmt því er þar komi fram verði að miða við að veiðireynsla í makríl hafi í skilningi 2. másl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 verið orðin samfelld árið 2011 enda augljóslega fullnægt því skilyrði ákvæðisins að ársafli íslenskra skipa úr makrílstofninum hafi a.m.k. þrisvar á undangengnum sex almanaksárum fyrir árið 2011 svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem til ráðstöfunar hafi verið af hálfu íslenskra stjórnvalda það ár. Reglugerðir ráðherra árið 2011 og eftirleiðis hafi hins vegar ekki tekið mið af þessu.

Sé einnig á því byggt að skaðabótabyrgð ríkisins vegna tjóns er hlotist hafi af því að reglugerðir eða reglugerðarákvæði séu andstæð lögum og ákvörðunum teknum í skjóli þeirra, líkt og hér hátti til, sé hlutlæg, en verði ella metin stefnda til sakar í skilningi skaðabótareglna. Um grundvöll vísist til dóma Hæstaréttar í málunum nr. 508 og 509/2017 þar sem málatilbúnaður hliðstæður málatilbúnaði stefnanda hér um skaðabótaskyldu stefnda hafi verið staðfestur. Stefnandi leggi áherslu á að umræddir dómar hafi sönnunar- og fordæmisgildi um þau atriði sem þar sé tekin afstaða til.

Þar sem úthlutanir á umræddum árum hafi ekki verið í samræmi við það sem lögskjöldur hafi verið og minni en stefnandi hafi átt rétt til beri stefndi ábyrgð á því fjártjóni er stefnandi hafi beðið af því að ekki hafi verið fylgt fyrir mælum laga í þeim efnum, sbr. dóma Hæstaréttar í málunum nr. 286/1997, nr. 371/2005 og nr. 39/2009. Þá sé einnig byggt á því að öll önnur skilyrði skaðabótaábyrgðar stefnda séu uppfyllt.

Stefnandi hafi óskað eftir því að Deloitte ehf. reiknaði út fjártjón hans vegna þess að aflaheimildir skipa hans í makríl hafi verið skertar. Minnisblað Deloitte innihaldi ítarlega tölulega útlitun er stefnandi vísi hér til um grundvöll skaðabótakröfu sinnar. Í minnisblaðinu sé tilgreindur aflí hvers skips stefnanda á þremur bestu veiðitímabilum hvers þeirra á árunum 2006–2010, heildaraflí hvers skips á þessum þremur veiðitímabilum lagður saman og þannig fundin út hlutdeild hvers skips í heildarafla viðkomandi tímabils. Þannig sé fundin niðurstaða um hver aflahlutdeild hvers skips hefði að réttu lagi átt að vera árið 2011 ef makrílstofninn hefði verið hlutdeildarsettur og gert ráð fyrir að sú aflahlutdeild hefði haldist óbreytt á milli ára frá og með 2011.

Nánar tiltekið sé við útreikning á hagnaðarmissi stefnanda stuðst við svokallaða jaðarframlegð á hvert kg makrils hjá stefnanda, fyrir hvert ár á tímabilinu 2011–2018, byggt á upplýsingum og gögnum úr fjárhagsbókhalda stefnanda og upplýsingum Fiskistofu um veiddan heildarafla. Jaðarframlegð sé skilgreind sem sú framlegð er áætlað sé að hver viðbótareining (hér hvert kg af makríl) skili stefnanda og hafi hún verið reiknuð vegna útgerðar, vinnslu í frystihúsi og vinnslu í mjöl- og lýsisvinnslu. Til að áætla jaðarframlegð sé breytilegur kostnaður dreginn frá tekjum hvers skilgreinds tímabils og deilt niður á fjölda kg af makríl. Útreikningar á jaðarframlegð byggja á hlutfallslegri skiptingu aflans, hversu stór hluti hans hafi verið seldur til frystingar, til mjölvinnslu eða verið ónýttur. Niðurstöður útreikninga á jaðarframlegð og hlutfallslegri skiptingu aflans séu síðan notaðar til að reikna áætlað framlegðartap stefnanda sem sé talið jafngilda hagnaðarmissi, sbr. fyrirliggjandi og ítarlegar

útreikningsforsendur Deloitte ehf. Í útreikningum Deloitte sé reiknuð út jaðarframlegð hvers árs á hvert kg. Skertar aflaheimildir samkvæmt framangreindum forsendum séu síðan margfaldaðar með jaðarframlegðinni og þannig fengin fram skert framlegð eða hagnaðarmissir ársins sem stefnandi telji vera tjón sitt vegna þeirra reglugerða sem hafi verið andstæðar lögum. Í samræmi við þetta hafi skerðing aflaheimilda og tjón hvers árs verið hér eftirfarandi:

Árið 2011: Skerðing aflaheimilda hafi verið 1,28% eða 2.071.090 kg. Frá því magni dragist magn sem stefnandi hafi fengið samkvæmt úthlutun til skipa án vinnslu, sem hafi verið 769.275 kg. Mismunurinn sé 1.301.815 kg. Jaðarframlegðin reiknist af fjórum þáttum í starfsemi stefnanda og sundurliðist þannig:

| Starfsemi: | Magn: | Kr. pr. kg: | Fjárhæð: |
|-------------------------|-----------|-------------|-------------|
| Útgerð | 1.301.815 | 22,95 | 29.875.973 |
| Mjöl- og lýsisvinnsla | 672.752 | 28,70 | 19.305.504 |
| Landvinnsla (frystihús) | 946.980 | 68,02 | 64.410.753 |
| Eigin sölufélög | 946.980 | 2,75 | 2.601.176 |
| Samtals | | | 116.193.406 |

Árið 2012: Skerðing aflaheimilda hafi verið 1,66% eða 2.398.303 kg. Frá því magni dragist magn sem stefnandi hafi fengið samkvæmt úthlutun til skipa án vinnslu, sem hafi verið 629.572 kg. Mismunurinn sé 1.769.231 kg. Jaðarframlegðin reiknist af fjórum þáttum í starfsemi stefnanda og sundurliðist þannig:

| Starfsemi: | Magn: | Kr. pr. kg: | Fjárhæð: |
|-------------------------|-----------|-------------|-------------|
| Útgerð | 1.769.231 | 6,01 | 10.631.891 |
| Mjöl- og lýsisvinnsla | 423.909 | 29,42 | 12.470.664 |
| Landvinnsla (frystihús) | 1.460.945 | 53,01 | 77.440.338 |
| Eigin sölufélög | 1.460.945 | 4,16 | 6.073.767 |
| Samtals | | | 106.616.660 |

Árið 2013: Skerðing aflaheimilda hafi verið 1,64% eða 1.966.465 kg. Frá því magni dragist magn sem stefnandi hafi fengið samkvæmt úthlutun til skipa án vinnslu, sem hafi verið 659.055 kg. Mismunurinn sé 1.307.410 kg. Jaðarframlegðin reiknist af fjórum þáttum í starfsemi stefnanda og sundurliðist þannig:

| Starfsemi: | Magn: | Kr. pr. kg: | Fjárhæð: |
|-----------------------|-----------|-------------|------------|
| Útgerð | 1.307.410 | 2,93 | 3.827.598 |
| Mjöl- og lýsisvinnsla | 453.826 | 41,56 | 18.859.327 |

| | | | |
|-------------------------|-----------|-------|------------|
| Landvinnsla (frystihús) | 1.292.129 | 44,28 | 57.219.022 |
| Eigin sölufélög | 1.292.129 | 2,96 | 3.821.942 |
| Samtals | | | 83.727.889 |

Árið 2014: Skerðing aflaheimilda hafi verið 1,64% eða 2.635.784 kg. Frá því magni dragist magn sem stefnandi hafi fengið samkvæmt úthlutun til skipa án vinnslu, sem hafi verið 984.852 kg. Mismunurinn sé 1.650.932 kg. Jaðarframlegðin reiknist af fjórum þáttum í starfsemi stefnanda og sundurliðist þannig:

| Starfsemi: | Magn: | Kr. pr. kg: | Fjárhæð: |
|-------------------------|-----------|-------------|-------------|
| Útgerð | 1.650.932 | 10,27 | 16.960.553 |
| Mjöl- og lýsisvinnsla | 494.647 | 42,34 | 20.941.496 |
| Landvinnsla (frystihús) | 1.528.578 | 73,28 | 112.007.435 |
| Eigin sölufélög | 1.528.578 | 2,44 | 3.731.324 |
| Samtals | | | 153.640.808 |

Árið 2015: Skerðing aflaheimilda hafi verið 1,98% eða 3.422.590 kg. Frá því magni dragist magn sem stefnandi hafi fengið samkvæmt úthlutun til skipa án vinnslu, sem hafi verið 813.162 kg. Mismunurinn sé 2.609.428 kg. Jaðarframlegðin reiknist af fjórum þáttum í starfsemi stefnanda og sundurliðist þannig:

| Starfsemi: | Magn: | Kr. pr. kg: | Fjárhæð: |
|-------------------------|-----------|-------------|------------|
| Útgerð | 2.609.428 | 4,60 | 11.999.071 |
| Mjöl- og lýsisvinnsla | 1.335.423 | 31,67 | 42.295.010 |
| Landvinnsla (frystihús) | 1.540.239 | 16,04 | 24.705.101 |
| Eigin sölufélög | 1.540.239 | 4,45 | 6.858.484 |
| Samtals | | | 85.857.666 |

Árið 2016: Skerðing aflaheimilda hafi verið 1,76% eða 2.695.472 kg. Frá því magni dragist magn sem stefnandi hafi fengið samkvæmt úthlutun til skipa án vinnslu, sem hafi verið 351.354 kg. Mismunurinn sé 2.344.118 kg. Jaðarframlegðin reiknist af fjórum þáttum í starfsemi stefnanda og sundurliðist þannig:

| Starfsemi: | Magn: | Kr. pr. kg: | Fjárhæð: |
|-------------------------|-----------|-------------|-------------|
| Útgerð | 2.344.118 | 13,40 | 31.416.599 |
| Mjöl- og lýsisvinnsla | 1.079.266 | 40,04 | 43.210.166 |
| Landvinnsla (frystihús) | 1.774.685 | 37,97 | 67.392.609 |
| Eigin sölufélög | 1.774.685 | 3,87 | 6.871.359 |
| Samtals | | | 148.890.733 |

Árið 2017: Skerðing aflaheimilda hafi verið 1,59% eða 2.507.666 kg. Frá því magni dragist magn sem stefnandi hafi fengið samkvæmt úthlutun til skipa án vinnslu, sem hafi verið 243.314 kg. Mismunurinn sé 2.507.886 kg. Jaðarframlegðin reiknist af fjórum þáttum í starfsemi stefnanda og sundurliðist þannig:

| Starfsemi: | Magn: | Kr. pr. kg: | Fjárhæð: |
|-------------------------|-----------|-------------|-------------|
| Útgerð | 2.264.352 | 7,37 | 16.688.065 |
| Mjöl- og lýsisvinnsla | 737,274 | 19,90 | 14.669.273 |
| Landvinnsla (frystihús) | 1.628.005 | 51,41 | 83.689.746 |
| Eigin sölufélög | 1.628.005 | 5,79 | 9.418.021 |
| Samtals | | | 124.465.104 |

Árið 2018: Skerðing aflaheimilda hafi verið 1,59% eða 1.975.818 kg. Frá því magni dragist magn sem stefnandi hafi fengið samkvæmt úthlutun til skipa án vinnslu, sem hafi verið 191.758 kg. Mismunurinn sé 1.784.060 kg. Jaðarframlegðin reiknist af fjórum þáttum í starfsemi stefnanda og sundurliðist þannig:

| Starfsemi: | Magn: | Kr. pr. kg: | Fjárhæð: |
|-------------------------|-----------|-------------|-------------|
| Útgerð | 1.784.060 | 11,21 | 19.990.647 |
| Mjöl- og lýsisvinnsla | 332.460 | 28,15 | 9.359.318 |
| Landvinnsla (frystihús) | 1.617.334 | 74,89 | 121.121.509 |
| Eigin sölufélög | 1.617.334 | 7,23 | 11.689.712 |
| Samtals | | | 162.161.187 |

Samkvæmt þessum forsendum sé það niðurstaða Deloitte ehf. að tjón stefnanda vegna hagnaðarmissis sé að höfuðstólsfjárhæð alls 981.553.453 krónur, sem sé stefnukrafan. Stefnandi byggi hér á því að honum hefði verið unnt að fullnýta þessar aflaheimildir, en að því marki sem svo væri ekki hefði stefnandi þess utan getað framselt þær gegn endurgjaldi og byggi stefnandi á því að tjónið sé þá sömu fjárhæðar.

Í A-lið dómkrafna stefnanda sé krafist bóta vegna samanlagðs fjártjóns vegna árána 2011–2014, sbr. að framan, að höfuðstólsfjárhæð alls 460.178.763 krónur, sem beri dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 frá 14. júní 2016 til greiðsludags. Sé krafist dráttarvaxta frá þeim degi er stefna hafi verið birt í máli stefnanda gegn stefnda, nr. E-1892/2016, sem lokið hafi með dómsátt 28. maí 2019.

Í B-lið dómkrafna stefnanda sé krafist bóta vegna samanlagðs fjártjóns vegna árána 2015–2018, sbr. hér að framan, að höfuðstólsfjárhæð alls 521.374.690 krónur, sem beri skaðabótavexti, sbr. og 8. gr. laga nr. 38/2001, sem nánar greini í dómkröfu.

Sé krafist vaxta frá þeim degi sem hvert tjón hafi orðið, þ.e. frá útgáfudegi hverrar reglugerðar sem valdið hafi því tjóni sem málið snúist um á þessu árabili:

- i) Vegna ársins 2015, reglugerð nr. 532, 16. júní 2015
- ii) Vegna ársins 2016, reglugerð nr. 284, 6. apríl 2016
- iii) Vegna ársins 2017, reglugerð nr. 295, 5. apríl 2017
- iv) Vegna ársins 2018, reglugerð nr. 351, 10. apríl 2018

Í dómkröfum stefnanda felist að vextir og dráttarvextir höfuðstóls færist á 12 mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga nr. 38/2001. Þótt leiða megi af dómaframkvæmd að ekki þurfi að kveða á um höfuðstólsfærslu vaxta og dráttarvaxta í kröfugerð og dómsorði, heldur leiðir slíkt beint af 12. gr. laga nr. 38/2001, sé slík kröfugerð þó sett fram hér til að taka af tvímæli vegna þess langa tímabils sem vaxtakröfurnar spanni.

Þrautavarakröfu sína um bætur að álitum að mati dómsins rökstyðji stefnandi svo, að komist dómurinn að niðurstöðu um að stefndi beri bótaskyldu gagnvart stefnanda vegna þeirra atvika sem málið snúist um, en telji engu að síður af einhverjum ástæðum ekki fært að leggja framlögð sönnunargögn til grundvallar niðurstöðu um fjártjón hans beri að ákvarða stefnanda bætur að álitum, en um slíkt séu fjölmörg dómafordæmi.

Eins og fyrir sagði lækkaði stefnandi dómkröfur sínar í báðum liðum, og bætti einnig við varakröfum, með bókun eftir að matsgerð dómkvaddra matsmanna lá fyrir. Um lagarök vísist til almennra reglna skaðabótaréttar, þ.m.t. um skaðabótaábyrgð hins opinbera, vegna tjóns sem hljótist af því að reglugerðir eða reglugerðarákvæði, og ákvarðanir í skjóli þeirra, séu andstæð lögum. Þá vísist m.a. til laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Jafnframt vísist til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, helst ákvæða í III. og IV. kafla laganna um dráttarvexti og vexti af skaðabótakröfum. Krafa um málskostnað byggja á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi krefjist sýknu af kröfum stefnanda og telji sönnunarfærslu fyrir tjóni ekki hafa tekist og önnur skilyrði skaðabótaréttar um stofnun bótakröfu ekki vera uppfyllt.

Til að gefa rétta mynd af atvikum hafi stefndi aflað umsagnar Fiskistofu þar sem farið sé skipulega yfir úthlutanir til fiskiskipa er stefnan taki til og tölulegar forsendur um meinta skerðingu aflaheimilda að teknu tilliti til umræddra dóma Hæstaréttar. Með umsögn Fiskistofu sé sett upp líkan að hlutdeildarsetningu makríls eins og hún hefði

verið ef hún hefði verið framkvæmd árið 2011 í samræmi við 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Hafi Fiskistofa fundið út hver hefði verið aflahlutdeild sérhvers af skipum stefnanda samkvæmt veiðireynslu. Samkvæmt því líkani sé sú aðferð röng er stefnandi noti við útreikning veiðireynslu, og sé grunnforsenda skaðabótakröfu hans. Stefnandi miði við þrjú bestu veiðiár fyrir árið 2011 en taki þá ekki tillit til þeirra réttinda annarra skipa er veitt hafi makríl á viðmiðunar tímabilinu. Hluti þeirra hafi átt sín bestu veiðiár á öðrum þremur viðmiðunar tímabilum en skip stefnanda og því átt tilkall til aflahlutdeilda í samræmi við þau.

Ef aflahlutdeildir hefðu verið reiknaðar út með þeim hætti er gert sé í stefnu hefði stefnandi fengið meiri hlutdeildir en honum hefði borið, útgerðum annarra skipa, er eins hafi staðið á um, til tjóns. Byggi kröfur stefnanda og sönnunarfærsla þannig á röngum útreikningi á aflahlutdeildum er skip hans hefðu fengið, ef hlutdeildarsetning makríls hefði farið fram árið 2011, í samræmi við 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996.

Byggi bótakrafa stefnanda á því að stefnda hafi borið að úthluta stefnanda 10,03% í úthlutuðum afla hvers árs. Í umsögn Fiskistofu og fylgiskjölum með henni sé að finna sundurliðun á hlutdeild hvers skips, annars vegar samkvæmt framsetningu stefnanda (B-hlutdeild) og hins vegar þegar tekið sé mið af öllum viðmiðunarárunum samkvæmt framansögðu (A-hlutdeild). Með því sjáist að ekki sé fullt samræmi á milli.

Í skýrslu Deloitte ehf. sé greint frá því að stefnandi hafi leigt frá sér skipið Ísleif (skipaskrárn. 1610) árið 2009 og sé ekki tekið tillit til veiðireynslu þess á þeim tíma. Þá sé að sögn „dregin frá útreiknuðu viðbótarmagni“ hlutdeild skipa stefnanda sem fengið hafi úthlutað úr flokknum „skip án vinnslu“. Ekki hafi fylgt sundurliðaðir útreikningar að baki þessari framsetningu. Umsögn Fiskistofu sé ekki byggð á sömu forsendum og skýrsla Deloitte um þetta. Í málatilbúnaði stefnanda sé byggt á að 0,24% hlutdeild sé byggð á aflareynslu Ísleifs en í umsögn Fiskistofu sé þar miðað við 1,2192061%. Miðað við það virðist hlutdeild aldrei geta hafa verið hærri en 10,02%.

Eins og Fiskistofa hafi bent á hafi stefnandi miðað útreikninga sína við að skylda stefnda til að hlutdeildarsetja makrílveiðar íslenskra skipa árið 2011 hvíli á 1. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Stefndi telji þetta ranga aðferð eins og bent sé á í umsögn Fiskistofu þar sem í dómum Hæstaréttar í málum nr. 508/2017 og 509/2017 komi fram að skyldan hafi hvílt á stefnda samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 og því hefði átt að styðjast við aðferðafræði samkvæmt því ákvæði.

Stefnandi geti ekki átt skaðabótarétt nema hann sýni með óyggjandi hætti fram á það að hag hans hefði orðið betur borgið ef hin bótaskylda háttsemi hefði ekki orðið. Stefndi hafi haft ýmsa valkosti við það hvernig staðið yrði að úthlutun veiðiheimilda í nýjum nytjastofni. Hvernig sú atburðarás hefði orðið liggi ekki fyrir en stefnandi geti ekki lagt til grundvallar að hagfelldasti kostur í hans garð hefði orðið ofan á sem gert sé. Megi þá t.d. benda á nýlega lagasetningu um úthlutun á aflaheimildum í makríl.

Mál þetta lúti að miklu leyti að hugleiðingum stefnanda um það hvernig úthlutun á aflaheimild til makrílveiða hefði farið fram ef sú úthlutun sem Hæstiréttur hafi talið hafa verið í ósamræmi við 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 hefði ekki átt sér stað. Stefndi hafni því að unnt sé að gefa sér að úthlutunin hefði verið, við þær aðstæður, í samræmi við það sem stefnandi lýsi í stefnu sinni. Ýmis sjónarmið hafi verið á lofti um veiðistjórnun sem kæmi betur til móts við byggðastefnu, betri nýtingu afla, fullvinnslu, frekari dreifingu og gjaldtöku sem stjórnvöld hefðu mögulega litið til þegar komið hafi að því að móta stefnu um nýjan öflugan nytjastofn. Ráðherra hefði þá á þessum tíma t.a.m. getað bundið úthlutun aflaheimilda samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laganna því skilyrði að skip myndu afsala sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands. Afsal þeirra aflaheimilda hefði þá getað numið allt að 15% af aflaheimildum sem ákveðnar hefðu verið á grunni þeirrar málsgreinar, reiknað í þorskígildum. Ljóst sé að ef svo hefði orðið hefði framlegð af rekstri stefnanda ekki aukist með þeim hætti sem stefnandi gefi sér í stefnu sinni og tjón stefnanda vegna hagnaðarmissis sé því ekkert.

Rétt sé að fjalla um yfirlit Fiskistofu þar sem hún hafi fjallað um sérhvert fiskiskip í flota stefnanda m.t.t. veiðireynslu og úthlutana. Áður en litið sé á útreikninga og líkön í umsögn Fiskistofu verði að horfa á þá umfjöllun í ljósi þess sem að framan greini því ekki sé hægt að gefa sér með nokkurri vissu að ákvörðun heildaraflamagns og reglur um úthlutun hefði verið sú er stefnandi ráðgeri eftir á. Alls kyns atriði hefðu getað komið til, eins og minna heildaraflamagn eða magn til veiðireynsluskipa, úthlutun verið bundin skilyrðum eða ýmis önnur atriði, jafnvel lagabreytingar. Sé því óraunhæft að gefa sér tiltekna ímyndaða atburðarás eins og stefnandi geri hér eftir á.

Víki þá að útreikningum Fiskistofu, en stefnandi hafi átt eftirtalin skip er stundað hafi makrílveiðar á viðmiðunartímabilinu, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996, og þau átt veiðireynslu til hlutdeildarsetningar er hér segi m.v. upplýsingar frá Fiskistofu:

- | | | |
|---|---|---------------|
| - | Kap VE, skipaskrárnúmer 1742 | 14.176.637 kg |
| - | Sighvatur Bjarnason VE, skipaskrárn. 2281 | 15.365.035 kg |

| | |
|-------------------------------------|---------------|
| - Kap VE, skipaskrárnúmer 2363 | 13.654.190 kg |
| - Gandí VE, skipaskrárnúmer 2702 | 2.716.727 kg |
| - Kap II VE, skipaskrárnúmer 1062 | 3.089.486 kg |
| - Ísleifur VE, skipaskrárnúmer 1610 | 4.340.853 kg |
| - Ísleifur VE, skipaskrárnúmer 2388 | 20.829.872 kg |

Veiðireynsla skipa stefnanda, þrjú bestu veiðiár hvers þeirra á makrílveiðum á tímabilinu 2005–2010, hafi því samtals verið 72.172.800 kg.

Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 segi að ef tekin sé ákvörðun um að takmarka heildarafla úr fiskstofnum samkvæmt 1. mgr. 5. gr., sem samfelld veiðireynsla sé á, skuli aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum. Veiðireynsla teljist samfelld samkvæmt lögnum hafi ársafla íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem sé til ráðstöfunar af hálfu stjórnvalda. Vegna umsagnarinnar hafi Fiskistofa sett upp líkan að hlutdeildarsetningu veiðiheimilda skipanna eins og hefði orðið ef hún hefði verið framkvæmd árið 2011, að teknu tilliti til áhrifa af 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og ákvæði VIII til bráðabirgða við lögin. Samkvæmt því hefðu skipin fengið í sinn hlut aflahlutdeildir í makríl sem hér segi:

1. Kap VE-4 (1742). Við hlutdeildarsetningu árið 2011 hefði skipið fengið 3,9817616% aflahlutdeild í makríl. Skipið hafi þá verið í eigu HB Granda hf. og stefnandi því ekki fengið þessar aflahlutdeildir í sinn hlut. Samkvæmt upplýsingum í stefnu hafi stefnandi orðið eigandi skipsins árið 2016. Að teknu tilliti til áhrifa 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og ákvæðis nr. VIII til bráðabirgða við sömu lög hefði skipið fengið aflamark sem hér segir:

| | |
|-----------|--------------|
| Árið 2011 | 6.164.762 kg |
| Árið 2012 | 5.705.684 kg |
| Árið 2013 | 4.767.479 kg |
| Árið 2014 | 6.361.675 kg |
| Árið 2015 | 6.522.002 kg |
| Árið 2016 | 5.574.041 kg |
| Árið 2017 | 6.272.684 kg |
| Árið 2018 | 4.942.524 kg |

Ef makrílveiðar hefðu verið hlutdeildarsettar árið 2011 hefðu aflahlutdeildir skipsins í makríl komið í hlut HB Granda hf. en ekki stefnanda. Við kaup stefnanda á skipinu árið 2016 hafi öll veiðireynsla þess af makrílveiðum verið flutt yfir á Víking AK-100, skipaskrárnúmer 2882. Stefnandi hafi því ekki getað átt tilkall til aflahlutdeilda né aflamarks á grundvelli hlutdeildarsetningar árið 2011.

2. Sighvatur Bjarnason VE-81 (2281). Við hlutdeildarsetningu árið 2011 hefði skipið fengið 4,3155444% aflahlutdeild í makríl. Að teknu tilliti til áhrifa 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og ákvæðis nr. VIII til bráðabirgða við sömu lög hefði skipið fengið aflamark sem hér segir:

| | |
|-----------|--------------|
| Árið 2011 | 6.681.542 kg |
| Árið 2012 | 6.183.980 kg |
| Árið 2013 | 5.167.127 kg |
| Árið 2014 | 6.894.960 kg |
| Árið 2015 | 7.068.728 kg |
| Árið 2016 | 6.041.302 kg |
| Árið 2017 | 6.798.510 kg |
| Árið 2018 | 5.356.846 kg |

Þegar litið sé til þeirra aflaheimilda sem skipið hafi í raun fengið á tímabilinu frá 2011–2018 megi sjá að skipið hefði fengið 752.328 kg meira aflamark ef makrílveiðar hefðu verið hlutdeildarsettar árið 2011 heldur en það hafi fengið heimild til að veiða samkvæmt þeirri aðferð sem notuð hafi verið til að stýra veiðunum.

3. Kap VE-41 (2363). Við hlutdeildarsetningu árið 2011 hefði skipið fengið 3,8350230% aflahlutdeild í makríl. Að teknu tilliti til áhrifa 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og ákvæðis nr. VIII til bráðabirgða við sömu lög hefði skipið fengið aflamark sem hér segir:

| | |
|-----------|--------------|
| Árið 2011 | 5.937.574 kg |
| Árið 2012 | 5.495.415 kg |
| Árið 2013 | 4.591.784 kg |
| Árið 2014 | 6.127.230 kg |
| Árið 2015 | 6.281.649 kg |
| Árið 2016 | 5.368.623 kg |
| Árið 2017 | 6.041.519 kg |
| Árið 2018 | 4.760.379 kg |

Skipið hafi fengið úthlutað minni aflaheimildum á þessu tímabili en það hefði fengið í aflamark ef hlutdeildarsetning hefði farið fram árið 2011. Hinn 18. apríl 2017 hafi öll veiðireynsla þess verið flutt yfir á a VE-4 (1742) er var og sé í eigu stefnanda.

4. Gandí VE-171 (2702). Við hlutdeildarsetningu árið 2011 hefði skipið fengið 0,7630413% aflahlutdeild í makríl. Að teknu tilliti til áhrifa 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og ákvæðis nr. VIII til bráðabirgða við sömu lög hefði skipið fengið aflamark sem hér segir:

| | |
|-----------|--------------|
| Árið 2011 | 1.181.379 kg |
| Árið 2012 | 1.093.404 kg |
| Árið 2013 | 913.612 kg |
| Árið 2014 | 1.219.114 kg |
| Árið 2015 | 1.249.838 kg |
| Árið 2016 | 1.068.176 kg |
| Árið 2017 | 1.202.060 kg |
| Árið 2018 | 947.156 kg |

Skipið hafi í raun aðeins fengið úthlutað aflahlutdeildum í makríl á árunum 2011–2013 en það stafi af því að 10. september 2013 hafi öll aflareynsla skipsins verið færð yfir á Sighvat Bjarnason VE-81 (2281). Aflaheimildir skipsins í makríl á árunum 2011–2013 hafi heldur ekki verið hærri en sem nemi því aflamarki sem skipið hefði fengið ef veiðarnar hefðu verið hlutdeildarsettar árið 2011.

5. Kap II VE-7 (1062). Við hlutdeildarsetningu árið 2011 hefði skipið fengið 0,8677373% aflahlutdeild í makríl. Að teknu tilliti til áhrifa 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og ákvæðis nr. VIII til bráðabirgða við sömu lög hefði skipið fengið aflamark sem hér segir:

| | |
|-----------|--------------|
| Árið 2011 | 1.343.474 kg |
| Árið 2012 | 1.243.428 kg |
| Árið 2013 | 1.038.967 kg |
| Árið 2014 | 1.386.387 kg |
| Árið 2015 | 1.421.327 kg |
| Árið 2016 | 1.214.740 kg |
| Árið 2017 | 1.366.993 kg |
| Árið 2018 | 1.077.114 kg |

Skipið hafi fengið úthlutað aflahlutdeildum í makríl á árunum 2011–2018 og hafi þær í öllum tilvikum verið hærrí en aflamark í makríl er skipið hefði fengið í sinn hlut ef makrílveiðar hefðu verið hlutdeildarsettar árið 2011. En skipið hafi ekki veitt makríl fyrr en árin 2017 og 2018 og þá aðeins innan við 20% af úthlutuðum veiðiheimildum.

6. Ísleifur II VE-336 (1610). Við hlutdeildarsetningu árið 2011 hefði skipið fengið 1,2192061% aflahlutdeild í makríl. Að teknu tilliti til áhrifa 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og ákvæðis nr. VIII til bráðabirgða við sömu lög hefði skipið fengið aflamark sem hér segir:

| | |
|-----------|--------------|
| Árið 2011 | 1.887.636 kg |
| Árið 2012 | 1.747.067 kg |
| Árið 2013 | 1.459.791 kg |
| Árið 2014 | 1.947.930 kg |
| Árið 2015 | 1.997.022 kg |
| Árið 2016 | 1.706.758 kg |
| Árið 2017 | 1.920.681 kg |
| Árið 2018 | 1.513.389 kg |

Skipið hafi fengið úthlutað makrílheimildum öll árin frá 2011–2015, en 19. apríl 2016 hafi öll veiðireynsla skipsins af makrílveiðum verið færð á Ísleif VE-63 (2388).

7. Ísleifur VE-63 (2388). Við hlutdeildarsetningu árið 2011 hefði skipið fengið 5,8504414% aflahlutdeild í makríl. Skipið hafi á þeim tíma verið í eigu HB Granda. Hlutdeildirnar hefðu því ekki fallið til stefnanda og séu þær því óviðkomandi málinu. Stefndandi hafi eignast skipið 17. desember 2015. Að teknu tilliti til áhrifa 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og ákvæðis nr. VIII til bráðabirgða við sömu lög hefði skipið fengið aflamark sem hér segir:

| | |
|-----------|--------------|
| Árið 2011 | 9.057.946 kg |
| Árið 2012 | 8.383.418 kg |
| Árið 2013 | 7.004.903 kg |
| Árið 2014 | 9.347.271 kg |
| Árið 2015 | 9.582.842 kg |
| Árið 2016 | 8.189.994 kg |
| Árið 2017 | 9.216.517 kg |
| Árið 2018 | 7.262.099 kg |

Skipið hafi fengið úthlutað aflaheimildum í makríl 2011–2018 og stundað makrílveiðar allt það tímabil, en 14. júlí 2015 hafi öll uppsöfnuð veiðireynsla verið færð á skipið, nú Venur NS-150 (2881) er hafi verið án veiðireynslu og makrílheimilda 2011.

Stefndi byggji sýknukröfu auk framangreinds á því að stefnandi hafi ekki orðið fyrir fjártjóni vegna úthlutunar stefnda á aflaheimildum til stefnanda á árunum 2011–2018 og að aðrar ástæður standi kröfum stefnanda í vegi. Séu málsókn stefnanda og kröfur ekki studdar haldbærum rökum um ætlað tjón né haldbærum sönnunargögnum. Stefnandi byggji málsókn sína á röngum forsendum, bæði efnislega og tölulega, og byggji í reynd aðeins á einu skjali, sem sé minnisblað Deloitte frá 26. nóvember 2019.

Skjalið sé unnið einhliða að beiðni stefnanda og einungis byggt á hugmyndum stjórnenda stefnanda að því er fram komi. Það sé sagt unnið á grundvelli fyrirliggjandi gagna án þess að þau séu talin upp eða útlistuð. Fyrirvarar í minnisblaðinu séu margir, ekki tekið tillit til ýmissa þátta og ekki verið „farið ítarlega yfir alla þá þætti sem kunnir að skipta máli varðandi efni þess“. Útreikningar á meintri aflahlutdeild stefnanda séu sagðir byggja á þeim upplýsingum sem stjórnendur stefnanda hafi látið í té. Mjög óljóst sé hvað átt sé við með jaðarframlegð og telji stefndi þá aðferð ekki raunhæfa. Blandað sé saman vinnslu og útgerð án rökstuðnings. Málaltilbúnaður stefnanda sé í reynd byggður á óraunhæfum getgátum þar sem margir óvissuþættir komi við sögu.

Stefnandi hafi ekki lagt fram gögn úr bókhaldi félagsins sem veita kynnu nánari vísbendingar um rekstrarniðurstöður af makrílveiðum. Stefnandi hafi t.a.m. ekki lagt fram upplýsingar um hvort hagnaður hafi í reynd verið af makrílveiðum sérstaklega og upplýsingar um rekstrarkostnað, breytilegan eða fastan, séu ónógar og vanmetnar. Þá telur stefndi ósannað að ákvarðanir ráðherra hafi haft áhrif á rekstur stefnanda enda virðist reksturinn hafa skilað umtalsverðum hagnaði á öllu því tímabili sem um ræðir. Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir ætluðu tjóni sínu. Telji stefndi tjónið ósannað og því ókleift að fallast á kröfur stefnanda eða málaltilbúnað. Liggi engin haldbær gögn fyrir til stuðnings kröfum stefnanda og beri því að sýkna stefnda af kröfum hans.

Reglugerðir þær sem stefnandi hafi byggt á að hafi ekki veitt félaginu frekari aflaheimildir hafi verið settar íslenskum útgerðum til hagsbóta en aflaheimildir séu í raun sameign íslensku þjóðarinnar, sbr. 1. gr. fiskveiðistjórnarlaga. Svo sem fram komi í dómum Hæstaréttar hafi reglugerðir um makrílveiðar sprottið af því að stefndi hafi aflað íslenskum útgerðum umtalsvert meiri afla en komið hefði í hlut Íslands ef ekki hefðu komið til mótmæli við ályktunum um heildarfla makríls. Þannig hafi stefndi

aflað íslenskum útgerðum, þ. á m. stefnanda, aflamagns langt umfram það er annars hefði komið til og verði að horfa til þessa við mat á tjóni. Þannig verði ekki litið fram hjá því að í því réttarbroti sem Hæstiréttur taldi vera á úthlutun með reglugerðum um makrílveiðar hafi einnig falist miklir hagsmunir og heimildir til handa stefnanda og öðrum útgerðum er ólíklegt sé að hefðu komið til annars. Hafi ákvarðanir stjórnvalda um að mótmæla skiptingu á alþjóðavettvangi ekki síst verið byggðar á því að makrill hafi að stærstum hluta veiðst í íslenskri efnahagslögsögu þótt um deilistofn sé að ræða. Standist það ekki almennar reglur fébótaréttar að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna athafna sem á sama tíma og á sömu forsendum hafi aukið til muna heimildir til veiða. Sé því ekki uppfyllt skilyrði um orsakasamband eða sennilega afleiðingu og ætlað tjón stefnanda sé ekki verndað af reglum skaðabótaréttar við þessar aðstæður.

Megi í þessu sambandi nefna að stefnandi og aðrar útgerðir, sem höfði nú mál, hafi fengið yfir 80% af aflaheimildum í makríl án endurgjalds, en málin varði aðeins skerðingu á þeirri forgangsröðun stjórnvalda sem komið hafi fram við breytingar á reglugerð um stjórn fiskveiðanna 2011. Þá verði að nefna að Hæstiréttur hafi vikið sér undan því í nefndum dómum að skylda til hlutdeildarsetningar hafi í reynd orðið virk á árunum 2009–2010 þegar og með sama hætti og árið 2011 en á því tímabili hafi samfelldri veiðireynslu ekki verið til að dreifa. Hefði ráðherra tekið ákvörðun um takmörkun á heildarafla í upphafi hefði hann einungis átt tvo kosti um skiptingu hans samkvæmt 5. gr. laga nr. 151/2006: Annað hvort að skipta hlutdeild á milli þeirra sem veiðireynslu höfðu samkvæmt 2. mgr. 5. gr. (þrjú veiðitímabil) eða, ef slík reynsla hefði ekki verið til staðar, að ákveða aflahlutdeild í samræmi við fyrirmæli 6. mgr. 5. gr. Ekkert af þessu hafi ráðherra gert á fyrstu árum veiðanna heldur hafi heildarafla verið ákveðinn með ólympísku veiðifyrirkomulagi. Af því hafi m.a. leitt að öflun veiðireynslu skipa stefnanda, sumra ef ekki allra, er stefnandi byggi á að miða eigi aflahlutdeild sína við sé til komin vegna ákvarðana ráðherra sem ekki hafi átt lagastoð.

Stefnandi hafi heldur ekki sýnt fram á að reglugerðir um makrílveiðar, sem settar hafi verið, hafi í reynd haft neikvæð áhrif á afkomu stefnanda í heild eða á milli ára. Það hafi miklu fremur verið aðgerðir stjórnvalda sem aukið hafi til mikilla muna tækifæri stefnanda sem og annarra útgerða, sem nú höfði mál til greiðslu skaðabóta.

Stefnanda hafi þá verið í lófa lagið að bera það undir dóm strax í upphafi, þegar hinar umdeildu reglugerðir hafi fyrst verið settar, hvort félagið ætti rétt á frekari aflaheimildum, teldi hann að reglugerðirnar skorti lagastoð eða félagið ætti rétt á frekari

heimildum að lögum. Hafi stefnandi hæglega getað borið það undir dóm, eftir atvikum á grunni 25. gr. laga nr. 91/1991, og óskað eftir flýtimeðferð, sbr. XIX. kafla. Ef hagsmunir stefnanda sem útgerðarfyrirtækis hefðu staðið til að veiða meiri afla hefði verið rétt að bera málið undir dóm og takmarka ætlað tjón. Byggt sé hér á almennum reglum fébótaréttar um skyldu tjónþola til að takmarka tjón sitt. Telji stefndi að þetta, eftir atvikum ásamt tómlæti stefnanda, þ.m.t. fyrningu krafna, eigi að leiða til sýknu.

Komist dómurinn að því að stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni og að tjón hans sé að einhverju leyti sannað byggi stefndi sýknukröfu á því að tómlæti stefnanda sé slíkt að það komi í veg fyrir að taka megi kröfur hans til greina. Þá sé krafa stefnanda fyrnd, a.m.k. að hluta til. Sama sé að segja um ætlað tjón vegna mjöl- og lýsisvinnslu, frystingar eða annarrar vinnslu, sem dómur Hæstaréttar taki ekki til. Byggi stefndi einnig á því að tómlæti standi þeim kröfum öllum í vegi. Þrátt fyrir ákvæði seinni málsliðar 1. mgr. 15. gr. laga nr. 150/2007 sé krafa stefnanda í heild vegna ætlaðs tjóns eftir 2014, en fyrir 13. júní 2015, einnig fallin niður fyrir fyrningu. Stefnandi hafi tekið við úthlutun aflaheimilda á hverju ári frá 2011 án þess að geta um að hann setti fram fjárkröfu á hendur stefnda. Allan þennan tíma hafi stefnanda mátt vera ljóst að stefndi teldi sér ekki skylt að hlutdeildarsetja makrílstofninn. Telji stefndi að sér hafi því verið heimilt að líta svo á að stefnandi teldi sig ekki verða fyrir tjóni.

Auk framangreinds byggi stefndi á eftirfarandi málsástæðum, sem sjálfstætt og/eða í heild eigi hver um sig að leiða til sýknu, að mati stefnda.

Frumforsenda þess að stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni sé að hann hefði getað nýtt aflaheimildir er byggt sé á að honum hefði átt að úthluta. Sé mat stefnda að þrátt fyrir að stefnandi hefði fengið aukinni aflaheimild úthlutað hefði hann ekki getað veitt þann afla, a.m.k. sé það ósannað. Stefnandi hefði því ekki fengið neina framlegð af aukinni aflaheimild og hagnaðarmissir hans þar af leiðandi enginn vegna þessa.

Af samanburði á úthlutaðri aflaheimild og veiddum makrílfla stefnanda í minnisblaði Deloitte fyrir árin 2011–2018 megi ráða að hann hafi ekki náð hámarksnýtingu úthlutaðrar aflaheimildar nema á hluta þess tímabils sem um ræði og einnig virðist hann hafa veitt umtalsvert meira en á öllu tímabilinu en nemi úthlutuðum heimildum. Ekki geti verið um að ræða greiðslu bóta vegna þeirra ára sem þannig standi á um. Þegar veitt sé meira en er nemi úthlutuðum heimildum gæti bótafjárhæð aldrei ráðist af öðru en kostnaði við öflun viðbótarheimilda. Ekki virðist rökrétt að um bótaskyld tjón geti verið að ræða vegna meintrar skerðingar við þessar aðstæður.

Þá bendir stefndi á að samkvæmt ákvæðum reglugerða um stjórn makrílveiða ís- lenskra fiskiskipa á árunum 2012–2018 hafi stefnanda verið heimilt að veiða allt að 10% umfram úthlutaðar heimildir í makríl (yfirléitt samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðanna). Stefnandi hafi því í raun, a.m.k. að hluta til, haft þær aflaheimildir er hann telji sig hlunnfarinn um á viðmiðunartímabilinu. Þrátt fyrir það hafi stefnandi hvorki nýtt þá auknu aflaheimild sem reglugerðirnar hafi kveðið á um að hann gæti nýtt sér á tímabilinu né nýtt heimildir um færslu heimilda eftir því sem reglugerðirnar hafi kveðið á um. Stefnandi telji sig hins vegar nú hafa orðið fyrir hundraða milljóna króna tjóni sökum þess að hafa ekki fengið frekari aflaheimildum úthlutað. Hefði stefnandi talið arðbært að veiða makríl umfram það sem honum hafi verið úthlutað hefði hann nýtt umrædda heimild reglugerðanna. Staðreyndin sé sú að stefnandi hefði ekki getað veitt meira en hann hafi gert og umframaflaheimild engu skilað til hans. Stefndi telji ljóst að stefnandi hafi ekki orðið fyrir tjóni, a.m.k. sé tjónið ósannað enda hafi stefnandi ekki sýnt fram á að aukin aflaheimild hefði skilað nokkru til rekstursins.

Stefnandi byggi m.a. eða til vara á því að, að því marki sem stefnandi hefði ekki fullnýtt aflaheimildir sínar, hefði félagið framselt þær gegn endurgjaldi. Tjón hans vegna þessa nemi sömu fjárhæð og áætluð framlegð stefnanda af veiðum og vinnslu aflans. Þessu hafni stefndi, en stefnandi virðist ekki átta sig á því að frá árinu 2011 til ársins 2015 hafi ríkt framsalsbann á aflaheimildum til makrílveiða. Fjártjón stefnanda sem nemi töpuðum ágóða af framsali aflaheimilda hafi því ekkert verið á því tímabili.

Stefndi hafni því þá einnig að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna tapaðs ágóða af framsali aflaheimilda á tímabilinu 2015–2018, en ljóst sé að framsal á því tímabili hafi verið miklum takmörkunum háð. Þannig hafi m.a. verið settar skorður við því á milli hvaða skipa heimilt væri að flytja aflaheimildir. Þá sé ósannað hvert endurgjald fyrir aflaheimildina hefði verið á þessu tímabili og hvort umframaflaheimild hefði verið seljanleg en um 3.000 tonn hafi t.a.m. verið ónotuð af heildarúthlutuðum afla á árunum 2017 og 2018 og um 600 tonn á árinu 2016. Þá þurfi ekki að hafa mörg orð um að ef stefnandi telji sig hafa orðið fyrir fjártjóni á þessum grunni felist fjártjón hans ekki í framlegð af vinnslu aflans, líkt og útreikningar stefnanda geri ráð fyrir.

Stefndi byggi þá einnig á því að stefnandi hafi ekki orðið fyrir fjártjóni þar sem þau skip sem ætluð hafi verið til makrílveiða og hefðu fengið hinni auknu aflaheimild úthlutað hafi skilað stefnanda umtalsverðri framlegð með öðrum veiðum þann tíma er þau hefðu ellegar stundað makrílveiðar. Sú framlegð nemi jafnframt hærri fjárhæð en

krafa stefnanda er byggi á hagnaðarmissi vegna skertrar úthlutunar aflaheimilda. Tjón stefnanda vegna minni úthlutunar aflaheimilda til makrílveiða hafi því ekkert verið.

Stefndi byggi þá sýknukröfu sína á því að fjártjón stefnanda vegna úthlutunar stefnda á aflaheimildum til stefnanda á árunum 2011–2018 sé ósannað. Stefndi byggi kröfur sínar á minnisblaði Deloitte ehf. Utan þess að það byggi á miklum fyrirvörum og að áreiðanleiki gagna sé ekki kannaður sé um einhliða álit að ræða er sagt sé samið á grunni verksamnings við stefnanda til afnota í dómsmáli. Höfundar er nefndir séu á forsíðu hafi ekki verið dómkvaddir á grunni XII. eða IX. kafla laga nr. 91/1991. Stefndi mótmæli niðurstöðum í minnisblaðinu sem dómkröfur stefnanda byggi á. Liggi því hér ekki fyrir sönnun á ætluðu tjóni stefnanda sem byggjandi sé á.

Stefndi telji að útreikningar stefnanda á kröfu sinni séu beinlínis rangir. Stefndi byggi á því að við hlutdeildarsetningu hefðu skip hans átt að fá tiltekið hlutfall af aflahlutdeildum í makríl. Að mati stefnda fái þessi staðhæfing ekki staðist þar sem hún taki ekki tillit til réttinda annarra skipa er veitt hafi makríl á viðmiðunartímabilinu. Hluti þeirra skipa hafi átt sín bestu veiðiár á öðrum þremur veiðitímabilum en skip stefnanda og því átt tilkall til aflahlutdeildar í samræmi við þau. Ef aflahlutdeildir hefðu verið reiknaðar með þeim hætti sem gert sé í stefnu hefði stefndi fengið meiri hlutdeild en honum hefði borið öðrum útgerðum til tjóns. Að auki virðist útreikningar stefnanda aðeins miða við þrjú síðustu árin frá því að skyldan til hlutdeildarsetningar hafi stofnast. Þetta sé röng aðferð að mati stefnda enda komi skýrlega fram í 2. mgr. 5. gr. að miða skuli við þrjú bestu af undangengnum sex veiðitímabilum.

Stefndi telji þá ósannað að stefndi hefði getað veitt eða selt þá aflaheimild sem byggt sé á að úthluta hefði átt til skipa stefnanda. Aflaheimild til makrílveiða sé í eðli sínu sýnd veiði en ekki gefin. Líkt og ráða megi af framangreindum samanburði á úthlutaðri aflaheimild og raunafla skipa stefnanda sé það undantekning að skipin veiði þann afla sem þeim hafi verið úthlutað heimild til að veiða. Stefndi telji því ósannað að stefndi hefði getað fullnýtt þá aflaheimild er hann byggi á að honum hefði átt að vera úthlutað. Ætlað tjón stefnanda vegna þessarar skertu úthlutunar sé því ósannað.

Stefndi byggir einnig á því að hann hefði getað framselt hina skertu aflaheimild gegn endurgjaldi og að fjártjón hans nemi fjárhæð þess endurgjalds. Stefndi virðist þá byggja á því að fjárhæð endurgjaldsins hefði numið sömu fjárhæð og framlegð af öllum rekstri hans, þ.e. útgerð og vinnslu. Þessu hafni stefndi sem ósönnuðu. Stefndi telji með öllu ósannað að stefndi hefði yfir höfuð getað selt umrædda aflaheimild

og honum beinlínis einnig verið það óheimilt á stórum hluta viðmiðunartímabilsins. Komi til þess að stefnanda takist að sýna fram á að honum hefði verið unnt að fram- selja þá aflaheimild er honum hafi átt að vera úthlutað bendi stefndi á að virði afla- heimildarinnar sé ósannað og tjón stefnanda að þessu leyti teljist því vera ósannað.

Stefndi hafni því að orsakasamband sé á milli skertrar úthlutunar á aflaheimildum til skipa í eigu stefnanda og meints hagnaðarmissis af fiskvinnslu. Útgerð stefnanda annars vegar og fiskvinnsla, frysting, mjöl- og lýsisvinnsla hans hins vegar séu tveir aðskildir þættir í rekstri hans sem ekki séu háðir hvor öðrum. Útreikningar stefnanda á meintu tjóni styðji það en stefnandi geri ráð fyrir sérstakri framlegð af útgerðinni sem slíkri. Stefnandi hefði hæglega getað orðið sér úti um makríl til vinnslu án þess að sá afli kæmi beint frá útgerð hans. Fyrir hendi sé fjöldi útgerða sem einungis stundi aflaveiði en ekki vinnslu. Það sé því að mati stefnda af og frá að stefnandi geti fengið bætt meint óbeint tjón af skertri vinnslu. Því sé ekkert orsakasamband á milli hinnar meintu skertu aflahlutdeildar og vinnslu stefnanda á makríl. Stefnandi telji því að fjártjón er rekja megi til hagnaðarmissis stefnanda af fiskvinnslu sé ósannað. Þá sé órökrétt að krefjast bóta vegna allra þessara þátta í sömu andrá og því mótmælt að tjón geti hafa orðið í öllum þáttum samhliða. Séu útreikningar bæði vanreifaðir og óraunhæfir.

Auk þessa telji stefndi útreikning stefnanda á tjóni vegna hagnaðarmissis afar ógagnsæjan. Þannig megi ekki finna neina útreikninga á því hvernig jaðarframlegð af rekstri stefnanda sé fengin. Það sé því óljóst hvort tekið sé tillit til mikilvægra þátta við mat á tjóni stefnanda, t.d. jaðarkostnaðar. Þá sé ekki að finna neinn rökstuðning fyrir því hvers vegna áætluð jaðarframlegð sé besta leiðin til að reikna hið meinta tjón. Þá virðist söluverð makríls, er reiknað sé með í skýrslu Deloitte ehf., í andstöðu við það verð er „algengast er“, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna samkvæmt lögum nr. 13/1998 þar um frá 12. október 2018, auk ýmissa annarra opinberra gagna er stefnandi hafi þó ekki lagt fram og stefndi telji tjón því ósannað.

Til stuðnings varakröfu um lækkun á kröfum stefnanda vísi stefndi til framan- greindra málsástæðna í heild, en stefndi byggir þar að auki á eftirfarandi málsástæðum:

Í fyrsta lagi telji stefndi útilokað og ósannað að orsakasamband sé á milli meintrar skertrar aflahlutdeildar stefnanda til makrílveiða og rekstrar á fiskvinnslu. Um sé að ræða tvo aðskilda þætti í rekstri er ekki séu háðir hvor öðrum. Þannig gæti stefnandi vel rekið útgerð án vinnslu en fjöldi útgerða sé rekinn þannig og hefði hann hæglega geta orðið sér úti um þann afla er hann telji sig hlunnfarinn um með öðrum hætti en

að veiða hann sjálfur. Stefnandi eigi því ekki rétt á að fá bætt meint óbeint tjón vegna skertrar framlegðar í fiskvinnslu og beri a.m.k. að lækka fjárkröfu er því nemi.

Í öðru lagi telji stefndi að stefnandi hafi í raun notið góðs af því fyrirkomulagi er viðhaft hafi verið við úthlutun aflaheimilda á umræddu viðmiðunartímabili. Þannig hafi það verið svo að skip í eigu stefnanda hafi fengið úthlutað mun meiri heimildum til makrílveiða á viðmiðunartímabilinu en þau hefðu fengið ef makrílveiðar hefðu verið hlutdeildarsettar árið 2011 samkvæmt lögum nr. 151/1996. Krafa stefnanda taki ekki mið af því og beri af þeim sökum að lækka kröfuna sem því nemi.

Í þriðja lagi sé byggt á því að stefnanda hafi láðst að sinna þeirri skyldu gagnvart stefnda að takmarka tjón sitt í samræmi við hina almennu reglu skaðabótaréttar um takmörkun tjóns. Stefnandi virðist hafa haldið að hann gæti safnað óendanlega upp í kröfu á hendur stefnda vegna meints tjóns síns. Stefnanda hafi hins vegar borið að takmarka tjón sitt og til þess hafi verið ýmis úrræði. Þannig hefði stefnandi á hluta viðmiðunartímabilsins getað orðið sér úti um auknar aflaheimildir til veiða og afla til vinnslu sem hvort tveggja hefði skilað aukinni framlegð til reksturs stefnanda og takmarkað meint tjón hans. Samkvæmt skýrslum Deloitte ehf., sem lagðar hafi verið fram í samkynja málum annarra útgerða, virðist kostnaður við öflun aflaheimilda hafa verið lítill eða a.m.k. mun lægri en framlegðartölur sem stefnandi leggi til grundvallar. Þá hefði stefnandi hæglega getað höfðað þetta bótamál mun fyrir en gert hafi verið.

Þá sé einnig byggt á því til stuðnings lækkunarkröfu að stefnanda hefði verið í lófa lagið að bera undir dóm hvort félagið ætti rétt á frekari aflaheimildum teldi hann að reglugerðirnar skorti lagastoð eða að félagið ætti rétt á frekari heimildum að lögum. Hefði stefnandi hæglega getað borið það undir dóm, eftir atvikum á grunni 25. gr. laga nr. 91/1991, og þá óskað eftir flýtimeðferð, sbr. XIX. kafla sömu laga, sem fyrir segir.

Auk þessa telji stefndi í fjórða lagi að draga beri frá fjárkröfu frekari kostnaðarliði og skatta sem lagðir hafi verið á stefnanda á viðmiðunartímabilinu. Augljóst sé að krafa stefnanda taki ekki mið af ýmsum frádráttarliðum þrátt fyrir að útreikningur hans sé afar ógagnsær og beri að lækka kröfu stefnanda sem því nemi.

Stefndi mótmæli þá vaxta- og dráttarvaxtakröfum stefnanda, einkum upphafstíma þeirra. Eins og málið sé í reynd vanreifað og engin haldbær gögn til stuðnings ætluðu tjóni séu ekki skilyrði til að ákvarða upphafstíma dráttarvaxta nema frá dómsuppsögu. Um dráttarvaxtakröfu vísist sérstaklega til þess að í ljósi 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu sé með engu móti unnt að líta svo á að stefnandi hafi lagt fram

upplýsingar um tjónsatvik eða fjárhæð bóta enda sé reifun málsins ábótavant og krafan ekki studd haldbærum gögnum. En að öðru leyti sé málsástæðum stefnanda mótmælt. Til stuðnings kröfum stefnda um málskostnað vísist til XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Niðurstaða

Ágreiningur málsaðila hefur skýrst nokkuð undir rekstri málsins. Ekki er deilt um það að stefndi, íslenska ríkið, beri skaðabótaábyrgð á því fjártjóni sem stefnandi kann að hafa beðið vegna þess að hér tilgreindum makrílveiðiskipum hans var á árunum 2011–2018, með ákvörðunum Fiskistofu sem teknar voru á grundvelli hér framan- greindra reglugerða, úthlutað minni aflaheimildum en skylt var samkvæmt lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Vísast þar um einkum til fyrirliggjandi dómsáttar málsaðila, dags. 28. maí 2019, þar sem viðurkennd er bótaskylda stefnda vegna árána 2011–2014, í ljósi dóma Hæstaréttar í málum nr. 508 og 509/2017 frá 6. desember 2018, en einnig er hér viðurkennd bótaskylda stefnda á þeim sama grunni varðandi árin 2015–2018, en þó aðeins að því marki að stefnandi sanni þá tjón sitt.

Þá liggur nú einnig fyrir að kröfugerð stefnanda í málinu hefur tekið allnokkrum breytingum eftir að aflað var matsgerðar um áætlað tjón hans vegna hagnaðarmissis, sem leitt hafi af því að hann hafi farið á mis við úthlutun veiðiheimilda, og felst þá í því að kröfuliðir í kröfugerð stefnanda fyrir einstök ár hafa nú tekið breytingum til lækkunar frá því er greindi í fyrrgreindu minnisblaði Deloitte, sem málsókn stefnanda tók upphaflega mið af, sbr. bókun um breytta kröfugerð stefnanda til lækkunar, sem lögð var fram á dómþingi 6. febrúar 2023. En sem fyrr segir þá aflaði stefnandi undir rekstri málsins matsgerðar dómkvaddra matsmanna, þeirra Hersis Sigurgeirssonar dósents og Theodórs S. Sigurbergssonar, löggilts endurskoðanda, og var matsgerðin, dags. 27. október 2022, lögð fram á dómþingi þann 30. nóvember 2022. Er í henni að finna eftirfarandi samandregin svör matsmanna við tveimur matsspurningum:

Matsspurning 9.1: Aflahlutdeild skipa Vinnslustöðvarinnar hf.

Að teknu tilliti til þeirrar forsendu að veiðireynsla íslenskra fiskiskipa í makríl hafi árið 2011 verið orðin samfelld í skilningi 2. málslíðar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996, hver hafi þá aflahlutdeild einstakra skipa matsbeiðanda sem tilgreind eru í stefnu [...] átt að vera miðað við þrjú bestu veiðitímabil skipanna á undangengnum sex veiðitímabilum árið 2011 og næstu sjö veiðitímabil þar á eftir, einnig að þeirri forsendu gefinni að hlutdeild skipa matsbeiðanda hefði haldist óbreytt frá ári til árs

á þessum tíma. - Telji matsmenn fleiri en eina reikniaðferð geta komið til greina um þessi atriði óskast gerð grein fyrir því og að útreikningar taki einnig mið af slíkum niðurstöðum.

Svar: Aðeins fimm af þeim sjö skipum sem tilgreind eru í stefnu [...] voru í eigu Vinnslustöðvarinnar hf. (hér eftir VSV) á árunum 2005 - 2010. Þá var eitt þeirra, Ísleifur VE (1610), leigt til Hugins ehf. árið 2009 og aflaheimildir vegna veiðireynslu þess árs millifærðar á Huginn VE 55 (2411). Tafla 1 sýnir heildarúthlutun aflaheimilda í makríl á árunum 2011 - 2018, árlegt hlutfall aflahlutdeildar þessara fimm skipa VSV og árlega hlutdeild þeirra í kg, hefði makrill verið hlutdeildarsettur árið 2011 miðað við þrjú bestu veiðitímabil á undangengnum sex veiðitímabilum skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996. Að teknu tilliti til framangreindrar millifærslu hefði árleg hlutdeild allra fimm skipa VSV verið alls 10,0193276%. [...] Að því gefnu að hlutdeildarsetning makrils hefði farið fram árið 2011 telja matsmenn ekki aðra reikniaðferð tæka til að ákvarða aflahlutdeild skipa VSV.

Matsspurning 9.2: Fjárhagstjón 2011 - 2018

Í framhaldi af niðurstöðum um matsspurningu 9.1 óskast reiknað út og metið það fjárhagstjón sem matsbeiðandi kann að hafa orðið fyrir vegna þess að honum var ekki réttilega úthlutað aflaheimildum í makríl á árunum 2011 til 2018. Tekjuskerðingin verði sundurliðuð þannig að áhrif tekjutapsins verði metin sérstaklega eftir því hvernig skerðingin hafi komið niður á eftirtalda þætti í starfsemi matsbeiðanda:

- a) Útgerð
- b) Landvinnslu (frystihús)
- c) Eigin sölufélög afurða
- d) Mjöl- og lýsisverksmiðju

Svar: Mat matsmanna á fjárhagstjóni VSV í formi missis hagnaðar vegna þess að skipum VSV var ekki réttilega úthlutað aflaheimildum í makríl á árunum 2011 til 2018 er um 736 milljónir króna. Tafla 2 sýnir þær viðbótarafplaheimildir sem skip VSV hefðu fengið úthlutað á árunum 2011 - 2018, hefði makrill verið hlutdeildarsettur árið 2011, og mat matsmanna á þeim hagnaði sem VSV hefði haft af veiðum, vinnslu og sölu skv. þeim, sundurliðuð á útgerð, vinnslu og afurðasölu, bæði í krónum pr. kg af veiddum afla og í heild í milljónum króna. Matsmenn hafa ekki nægjanleg gögn til að áætla með neinni vissu skiptingu hagnaðarmissis vinnslu milli frystihúss annars vegar og mjöl- og lýsisverksmiðju hins vegar. [...] Mikil óvissa er í matinu vegna ófullnægjandi

gagna og upplýsinga um tekjur og gjöld VSV vegna veiða, vinnslu og sölu á makríl, en þær forsendur sem matsmenn gefa sér eru ásættanlegar. Að mati matsmanna geta óvissuþættir í matinu hnikað niðurstöðum þess til um allt að 30% til hækkunar eða lækkunar. Að teknu tilliti til allra óvissuþátta liggur fjárhagstjón VSV að á bilinu 515 - 960 milljónir króna.

Dómkvaddir matsmenn staðfestu báðir framangreinda matsgerð fyrir dómi við aðalmeðferð og svöruðu spurningum um efni hennar. Þá staðfestu þeir viðbótarmatsgerð er stefndi aflaði, dags. 20. janúar 2023, en ekki eru efni til að rekja hana hér.

Tekur aðalkrafa stefnanda nú mið af niðurstöðum framangreindrar matsgerðar, frá 27. október 2022, um fjártjón stefnanda, en byggir að öðru leyti, þ. á m. um vexti og dráttarvexti, á sömu málsástæðum og lagarökum og upphafleg krafa, en þó þannig að ekki er krafist hærri fjárhæðar fyrir sérhvert ár en lagt var til grundvallar í stefnu. Byggir aðalkrafan þannig einfaldlega á þeirri nálgun að bera saman hagnaðarmissi samkvæmt minnisblaði Deloitte og í matsgerð og velja svo lægri töluna fyrir sérhvert ár og fæst þá út höfuðstólsfjárhæðin 674.200.000 krónur. Varakrafa stefnanda felst hins vegar í því að bera saman ætlaðan hagnaðarmissi samkvæmt minnisblaði Deloitte og í matsgerð, en þó þannig að matsgerðin er þá færð niður um 30% til að endurspegla óvissu. Sá samanburður leiðir í ljós að hagnaðarmissir samkvæmt matsgerð, færður niður um 30%, er ætíð lægri en hagnaðarmissir samkvæmt minnisblaði Deloitte. Byggir varakrafan því eingöngu á því að færa reiknaðan hagnaðarmissi samkvæmt matsgerð niður um 30% og er hún því að höfuðstólsfjárhæð alls 515.200.000 krónur.

Þrautavarakrafa stefnanda er síðan loks um lægri skaðabætur að álitum.

Ekki er tölulegur ágreiningur um útreikninga til grundvallar kröfugerð stefnanda samkvæmt framangreindri matsgerð sem ekki hefur hér verið hnekkt sem slíkri. Er þá einnig til þess að líta að dómkvaddir matsmenn hafa í mati sínu á rétt reiknaðri aflahlutdeild skipa stefnanda á umræddu tímabili stuðst við gögn frá Fiskistofu og stefnandi þannig mætt þeirri gagnrýni sem stefndi hafði uppi um útreikninga Deloitte.

Stefndi heldur hér þó eftir sem áður uppi vörnum gagnvart dómkröfum stefnanda í málinu og krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar á dómkröfum. Vísar stefndi þá til þess að þótt bótaskylda stefnda liggi ljós fyrir vegna þess tjóns sem sannarlega hafi leitt af hinni skertu úthlutun á umræddu árabili fyrir stefnanda hvíli eftir sem áður á stefnanda að sýna hér fram á orsakatengsl, sennilega afleiðingu og umfang tjónsins.

Að mati stefnda hafi, þrátt fyrir hér fyrirbyggjandi matsgerð, sú sönnun ekki tekist eða að sannanlegt tjón stefnanda sé í öllu falli mun minna en stefnandi byggir hér á.

Byggir stefndi kröfu um sýknu eða lækkun einkum á eftirfarandi málsástæðum:

Í fyrsta lagi á því að þótt fyrir liggi í málinu matsgerð um áætlaðan hagnaðarmissi stefnanda vegna hinnar skertu úthlutunar, þá takmarkist hún við þær forsendur er lagt hafi verið upp með og einkum þá forsendu að stefnandi hefði hagnýtt sér viðbótaraflla.

Stefndi telur gögn málsins sýna fram á að stefnandi hafi ekki hagnýtt sér allan þann aflahlut í makríl sem hann þó hafi fengið úthlutað á árunum 2011–2018 og hafi raunar alltaf aflað undir úthlutuðum heimildum frá og með 2014 og því sé ólíklegt að ætla að stefnandi hefði þá fært sér í nyt frekari veiðiheimildir í makríl, en fyrir liggi að nægileg veiðigeta hafi verið fyrir hendi hjá skipum stefnanda. Þá liggi ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á tjón stefnanda vegna sölustarfsemi á vegum þess lögaðila, auk þess sem hann hafi haft önnur tæk úrræði til að afla aðfanga fyrir fiskvinnslu sína.

Í öðru lagi vísar stefndi til þess að matsgerðin líti ekkert til lögfræðilegra þátta, né ýmissa annarra þátta, sem hljóti þó að koma inn í heildarmat á sennilegu tjóni, t.d. varðandi framsal aflaheimilda milli ára, hvers vegna aflaheimildir voru ekki fullnýttar einstök ár, eða hver hefði verið staðan hefði stefnandi ekki fengið aflaheimildir í skjóli reglugerða, sbr. t.d. m.t.t. takmarkandi ákvæða í 4. og 9. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996.

Í þriðja lagi vísar stefndi þá til annarra málsástæðna, svo sem varðandi tómlæti, fyrningu, eða þá að stefnandi hafi getað takmarkað tjón sitt með skjótari málsmeðferð.

Varðandi sannað almennt fjártjón stefnanda vegna hinna skertu aflaheimilda, sem ætla verður að stefndi hefði haft fullan hug á að fényta sér hefðu þær þá legið fyrir, þá blasir við, eins og aðilar þó virðast vera sammála um, að umfang tjónsins getur aðeins verið hér áætlað með nokkurri vissu, sem málsaðilar deila hér síðan aftur um hver sé. Í þessu ljósi telur dómurinn, er m.a. er skipaður sérfróðum meðdómanda, að réttast sé að leggja hér til grundvallar fyrirbyggjandi matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 27. október 2022, er m.a. tekur mið af slíkri óvissu og metur hana einnig sérstaklega. Er umrædd matsgerð að mati dómsins sett fram með fullnægjandi hætti og byggir á forsvaranlegum gögnum og tækri aðferð þótt takmörkuð gagnaframlagning af hálfu stefnanda auki mjög á óvissu í henni. Þá hefur henni ekki verið hnekkkt með yfirmati.

Telur dómurinn þá í fyrsta lagi rétt, að því gættu að veiðireynsla íslenskra skipa í makríl hafi árið 2011 verið orðin samfelld, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996, að leggja til grundvallar niðurstöður í matsgerðinni um þar útreiknaða rétta aflahlutdeild

umræddra skipa stefnanda, Kap VE-1742, Sighvats Bjarnasonar VE-2281, Kap VE-2363, Gandí VE-2702, Kap II VE-1062, Ísleifs VE-1610 og Ísleifs VE-2388, 2011–2018, er taka mið af gögnum Fiskistofu og sætir ekki að séð verður mótbárum stefnda.

Hvað varðar þá í annan stað þann meginþátt í matsgerðinni, er snýr að áætluðum hagnaðar- eða framlegðarmissi, sem stefnandi sætti vegna hinna skertu úthlutana í makríl á árunum 2011–2018, sundurgreint eftir árum, sbr. nánar í matsgerðinni, telur dómurinn að leggja verði hér enn fremur til grundvallar þær ályktanir sem matsmenn rökstyðja þar og þá jafnframt að teknu tilliti til þeirrar matsóvissu sem þeir síðan gera grein fyrir í matsgerð. En með hliðsjón af þeirri grundvallarreglu skaðabótaréttar, um að tjónþola beri jafnan að sanna tjón sitt og að hann fái þar af leiðandi aldrei sér dæmdar hærri skaðabætur vegna fjártjóns en hann teljist ótvírætt hafa fært sönnur á að hann hafi orðið fyrir í ljósi skaðaverks, þá telur dómurinn einnig að meta verði hér alla þar tilgreinda matsóvissu samkvæmt matsgerð stefnanda í óhag en stefnda í hag.

Leiðir framangreint þá til þess, sé litið til útreikninga í matsgerð, að sannanlegt tjón stefnanda sökum hagnaðarmissis vegna skertra aflaheimilda í veiðum og vinnslu verði hér ótvírætt ekki metið hærra að höfuðstólsfjárhæð en sem nemi 515.200.000 krónum og hefur þá að mati dómsins verið tekið fullnægjandi tillit til allrar matsóvissu sem unnt er að horfa til. Hvað varðar þá þær málsástæður er stefndi telur að leiða eigi engu að síður til frekari lækkunar, þá telur dómurinn ekki unnt að staðhæfa að þær hljóti að leiða til frekari skerðingar á útreiknuðum hagnaðarmissi, enda óljóst hvaða ólíka sviðsmynd hefði teiknast upp í rekstri stefnanda við hinar auknu aflaheimildir og taka útreikningar á matsóvissu í matsgerð m.a. tillit til fjárfestingarkostnaðar. Telur dómurinn því að þessi nálgun á rauntjón stefnanda sé bæði varfærin og raunhæf.

Með hliðsjón af öllu hér framangreindu telur dómurinn því að rétt sé að fallast á nú fyrirliggjandi varakröfu stefnanda sem rétt viðmið um ótvírætt sannað fjártjón hans að höfuðstólsfjárhæð 515.200.000 krónur, auk þess sem sú fjárhæð skuli þá enn fremur bera vexti og dráttarvexti líkt og þar greinir, utan þess að rétt þykir að miða tímamark dráttarvaxta nú við 27. nóvember 2022. Er þá tekið sérstakt mið af því að krafa stefnanda getur ekki hafa talist hafa legið nægilega ljós fyrir í málinu fyrr en í fyrsta lagi með öflun umræddrar matsgerðar af hálfu stefnanda og miða dráttarvextir því hér við mánuð frá dagsetningu á útgáfu hennar, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001.

Hvað varðar þá aðrar málsástæður stefnda telur dómurinn að fyrirliggjandi gögn sýni nægilega fram á orsakatengsl tjóns stefnanda hvað varðar alla þá þætti sem hér

um ræðir. En fyrirbyggjandi gögn og umfjöllun í matsgerð vísa til þess að dótturfélög stefnanda er annist um sölu afurða tilheyri hinni sömu fyrirtækjasamsteypu, auk þess sem ekki þykir hafa verið sýnt nægilega fram á það af hálfu stefnda hvernig stefnandi hefði hér átt að geta takmarkað tjón sitt í vinnslu afurða vegna hinna skertu aflaheimilda. Enn fremur getur dómurinn ekki fallist á það að sýnt sé fram á það af hálfu stefnda að kröfur stefnanda í máli þessu séu fallnar niður fyrir fyrningu, sbr. 9. gr., sbr. og 15. gr., laga nr. 150/2007, eða vegna tómlætis, eða þá að sýnt sé fram á það að stefnandi hafi haft raunhæf úrræði til þess að takmarka tjón sitt með annars konar réttarfarsúrræðum sem stefndi vísar hér til. Þá telur dómurinn ekki unnt að áætla það að aðrir óvissuþættir, eins og möguleg úrræði ráðherra samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 151/1996, lagabreytingar, samningar við önnur ríki, veðurfar eða annað sem getur haft þýðingu fyrir aflabrogð, eða þá möguleg framlegð af öðrum veiðum eða annarri starfsemi sem stefnandi kynni að hafa nýtt sér, eigi hér að leiða til frekari skerðingar en byggt sé inn í framangreint mat og þá matsóvissu sem miðað er hér við um fjártjón. Að öllu hér framangreindu virtu verður ekki séð að aðrar tilgreindar málsástæður málsaðila geti þá við svo búið haft sérstaka þýðingu við úrlausn málsins eða að þær geti leitt til annarrar niðurstöðu, sbr. e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991.

Að öllu framangreindu virtu verður því niðurstaðan sú að stefndi, íslenska ríkið, er dæmdur til að greiða stefnanda, Vinnslustöðinni hf., eftirfarandi skaðabætur:

A. 275.800.000 krónur með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 27. nóvember 2022 til greiðsludags, og

B. 239.400.000 krónur með vöxtum, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fjárhæðum og eftir tímabilum er hér segir:

a) af 77.000.000 króna frá 16. júní 2015 til 27. nóvember 2022,

b) af 60.200.000 krónum frá 6. apríl 2016 til 27. nóvember 2022,

c) af 60.200.000 krónum frá 5. apríl 2017 til 27. nóvember 2022,

d) af 42.000.000 króna frá 10. apríl 2018 til 27. nóvember 2022, og

e) dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af framangreindum kröfuliðum a–d uppreiknuðum, sem reiknist frá 27. nóvember 2022 til greiðsludags.

Það athugist að vaxtavextir eru lögákveðnir og skulu ekki tilteknir í dómsorði.

Í ljósi framangreindra málalykta þá verður stefnda einnig gert að greiða stefnanda alls 15.000.000 króna í málskostnað og er þá einnig litið til matskostnaðar stefnanda.

Málið flutti fyrir stefnanda Ragnar H. Hall lögmaður, en Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður flutti málið fyrir stefnda.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kvað upp dóminn, sem dómsformaður, ásamt með þeim Hildi Briem héraðsdómara og Sveini Agnarssyni, prófessor í hagfræði.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, Vinnslustöðinni hf., eftirfarandi:

A. 275.800.000 krónur með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 27. nóvember 2022 til greiðsludags, og

B. 239.400.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af fjárhæðum og eftir tímabilum er hér segir:

a) af 77.000.000 krónum frá 16. júní 2015 til 27. nóvember 2022,

b) af 60.200.000 krónum frá 6. apríl 2016 til 27. nóvember 2022,

c) af 60.200.000 krónum frá 5. apríl 2017 til 27. nóvember 2022,

d) af 42.000.000 krónum frá 10. apríl 2018 til 27. nóvember 2022, og

e) dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af framangreindum kröfufiðum a – d uppreiknuðum, sem reiknist frá 27. nóvember 2022 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 15.000.000 króna í málskostnað.

Pétur Dam Leifsson

Hildur Briem

Sveinn Agnarsson

Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómur Reykjavíkur, dags. 6. júní 2023.